# FRÉTTABLAÐIÐ

272. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 21. NÓVEMBER 2019


## Áhættumat banka Samherja til skoðunar

**SAMHERJAMÁLIÐ** Fjármálaeftirlitið (FME) hefur farið fram á það við íslensk fjármálafyrirtæki, sem hafa verið í viðskiptum við Samherja og félög tengd fyrirtækinu, að þau veiti eftirlitinu upplýsingar um áhættumat þeirra gagnvart útgerðarrisanum og eins hvernig reglubundnu eftirliti hafi verið háttað.

Þetta kemur fram í svari FME við fyrirspurn Fréttablaðsins um hvort eftirlitið hafi kallað eftir upplýsingum frá fjármálafyrirtækjum um hvernig staðið hafi verið að framkvæmd áreiðanleikakönnunar á Samherja vegna varna gegn peningaþvætti og sömuleiðis hæfismati til að eiga aðild að ákveðnum viðskiptum.



**Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri FME.**

Fjármálaeftirlitið segist, í kjölfar þess að greint hafi verið frá viðskiptaháttum Samherja í Namibíu, hafa óskað eftir „tilteknum upplýsingum frá innlánsstofnunum varðandi það hvort Samherji og félög tengd fyrirtækinu hefðu verið eða væru í viðskiptum við innlánsstofnunina“.

Hafi það reynst raunin fór FME einnig fram á upplýsingar um „áhættumat á þeim félögum og upplýsingum um hvernig reglubundnu eftirliti með þeim væri háttað“, segir í svari FME.

Stjórnir Arion banka og Íslandsbanka, sem er helsti viðskiptabanki Samherja á Íslandi, hafa ákveðið að fara fram á að viðskipti bankanna við útgerðarfélagið verði skoðuð ítarlega.

Landsbankinn hefur ekki viljað tjá sig um málefni einstakra viðskiptavina.

Þá hefur verið greint frá því að stjórnarformaður norska bankans DNB hafi óskað eftir því að viðskipti hans við Samherja og tengd félög, vegna gruns um mögulegt peningaþvætti, verði skoðuð ítarlega innan bankans. **– hae**




# Hlustum á börnin

Okkur ber skylda til að hlusta á börn og taka mark á því sem þau hafa að segja um líf sitt og samfélag. Mikilvægt er að sjónarmið barna hafi áhrif á stefnumótun. Fyrsta barnaþingið, nokkurs konar þjóðfundur barna, fer fram í Hörpu í dag. ➜12

**Barnasáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember 1989 og varð hann því 30 ára í gær.**

## Stjórn RÚV undirbýr stofnun dótturfélags

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun segir í skýrslu sem kynnt var í gær að RÚV hafi ekki farið að lögum þar sem dótturfélag hafi enn ekki verið stofnað.

Starfshópur sem á að vinna að undirbúningi stofnunar dótturfélags RÚV verður skipaður strax í næstu viku að sögn Kára Jónassonar, formanns stjórnar félagsins.

Beðið hafi verið eftir skýrslunni til að fá fullvissu um að stofnun dótturfélags sé í lagi en óvissa hafi ríkt vegna virðisaukaskattsmála.

Samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið sem sett voru 2013 átti það að stofna dótturfélag utan um samkeppnisrekstur sinn. Gildistöku ákvæðisins var hins vegar frestað til ársbyrjunar 2018.

Í skýrslunni kemur einnig fram að RÚV hefði orðið ógjaldfært án sölu lóða í Efstaleiti. Kári segir fjárhaginn hafa batnað þótt lítið megi út af bera.

**❯❯ Skýrsla Ríkisendurskoðunar um RÚV var birt í gær.**

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir ábendingar skýrslunnar varðandi fjárhaginn gagnlegar.

„Það er brýnt að á þessu verði tekið og beini ég því til stjórnar að bregðast hratt við. RÚV gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi og því brýnt að umgjörðin sé traust og trúverðug,“ segir Lilja. **– ab /** **sjá síðu 4**






## Veður



A- átt, 13-18 m/s með suðurströndinni fram yfir hádegi, annars mun hægari. Dálítil rigning suðaustan til, en bjart veður norðan heiða. Hiti 1 til 7 stig, en víða 0 til 5 stiga frost á N- og A-landi. SJÁ SÍÐU 26

# Börn minna á rétt sinn



Fjölmörg börn úr bæði leik- og grunnskólum mæltu sér mót á Skólavörðuholti í gær á alþjóðlegum degi barnsins. Þau gengu niður Skólavörðustíg og minntu á réttindi sín með kröfuspjöldum á 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

## Vill skiptastjóra WOW úr starfi

**DÓMSMÁL** Skúli Mogensen, fyrrverandi forstjóri WOW air, hefur gert kröfu til Héraðsdóms Reykjavíkur um að Sveini Andra Sveinssyni verði vikið frá störfum sem skiptastjóra þrotabús flugfélagsins.

Skúli byggir á því að skiptastjórinn hafi veitt rangar og villandi upplýsingar um mikilvæg málefni búsins, bæði í fjölmiðlum og á skiptafundum. Með þeim hafi Sveinn Andri rýrt verulega það traust sem til hans þurfi að ríkja sem skiptastjóra.

Vísar hann annars vegar til umfjöllunar Fréttablaðsins um kaup Ballarin á eignum þrotabúsins en haft var eftir Sveini Andra í fréttinni að uppsett kaupverð væri þegar greitt.



Skúli Mogensen, fyrrverandi forstjóri WOW air.

Á skiptafundi hefðu skiptastjórar verið inntir eftir því hvort einhver tengsl væru milli þeirra og umrædds kaupanda og þeir svarað því að svo væri ekki, hvorki við kaupandann né forsvarsmenn hans. Við nánari athugun hafi þó komið í ljós að lögmaðurinn Páll Ágúst Ólafsson, sem gætti hagsmuna umrædds kaupanda hér á landi, hafi starfsstöð í sama húsi og Sveinn Andri og deili með honum kaffistofu, fundarherbergi og prenturum.

Skúli byggir kröfu sína einnig á meintri vanrækslu Sveins við upplýsingagjöf, bæði um skiptakostnað og þóknanir og á því að Sveinn Andri hafi tekið sér þóknun af fé búsins án þess að hafa til þess viðhlítandi heimild.

Krafa Skúla verður tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í næstu viku. **– aá**

## Kynna áform um þjóðgarð

**UMHVERFISMÁL** „Hér er verið að kynna áform um lagasetningu og leitað eftir ábendingum almennings og hagsmunaaðila sem er mikilvægt skref í þessu stóra verkefni,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra um fyrirhugaðan hálendisþjóðgarð.

Þverpólitísk nefnd um undirbúning að stofnun þjóðgarðsins hefur unnið að þeim áherslum sem fyrirhugað lagafrumvarp mun byggja á. Þær áherslur hafa nú verið kynntar í samráðsgátt stjórnvalda.

Þar kemur fram að vegna sérstöðu og stærðar væntanlegs hálendisþjóðgarðs sé talið rétt að setja sérlög um hann frekar en að friðlýsa svæðið á grundvelli gildandi laga. Samhliða verði lagt fram frumvarp um stofnun sem fer með málefni allra friðlýstra svæða.

Þá er gert ráð fyrir því að sérlög um Vatnajökulsþjóðgarð falli niður þar sem hann verði hluti hálendisþjóðgarðs. **– sar**

# Sáttamiðlun notuð í of litlum mæli hér á landi

**Dagný Rut Haraldsdóttir sáttamiðlari segir sáttamiðlun ódýrari kost en að mál veltist um í dómskerfinu. Úrræðið mætti nýta í mun fleiri málum. Á málþingi um sáttamiðlun í dag verður meðal annars fjallað um reynslu Skota.**

**DÓMSMÁL** „Við erum að fá hingað þennan frábæra sérfræðing frá Skotlandi sem er framkvæmdastjóri Scottish Mediation og hann ætlar að segja okkur hvernig Skotar hafa verið að gera þetta,“ segir Dagný Rut Haraldsdóttir, sáttamiðlari, lögfræðingur og stjórnarmaður Sáttar.

Í dag klukkan 15 verður haldið málþing um sáttamiðlun í húsakynnum Íslenskrar erfðagreiningar þar sem Graham Boyack mun flytja erindi um innleiðingu sáttamiðlunar í Skotlandi. Sátt, félag um sáttamiðlun heldur málþingið og segir Dagný sáttamiðlun vera að ryðja sér til rúms á Íslandi.

„Sáttamiðlun er það kallað þegar hlutlaus þriðji aðili leiðir og stýrir ferli þar sem markmiðið er að hjálpa málsaðilum að ná samkomulagi,“ segir Dagný. „Þetta ferli má nota í hinum ýmsu málum, til dæmis við nágrannaerjur, í viðskiptum og í rauninni á þetta heima alls staðar þar sem fólk á í deilum,“ bætir hún við.

Dagný segir mun ódýrara að útkljá ýmis mál með sáttamiðlun en í dómskerfinu. „Þetta kostar okkur miklu minna ef talið er beint í beinum peningum og líka ef við lítum á tíma,“ segir hún.

„Svona getum við leyst flókin mál með nokkrum fundum sem taka í mesta lagi nokkrar vikur á móti mörgum mánuðum eða jafnvel árum í dómskerfinu,“ segir hún.

Árið 2013 var sett í barnalög skyldubundin sáttameðferð við skilnað eða sambúðarslit tveggja aðila sem eiga saman barn.

„Með því að setja þetta inn í barnalögin hefur þekkingin og reynslan á sáttamiðlun aukist. Við sjáum að miklu færri mál eru að fara fyrir dómara og í úrskurð hjá sýslumanni,“ segir Dagný. Árið 2014 kom 351 slíkt mál á borð Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og þar af fór 261 þeirra í sáttamiðlun.

„Þetta hefur gefið góða raun og í rauninni ætti það að vera þannig að ef upp kemur deila þá sé sáttamiðlun fyrsta skrefið sem er reynt en ekki dómskerfið,“ segir Dagný.



Málþing um sáttamiðlun verður haldið í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

> Þetta kostar okkur miklu minna ef talið er í beinum peningum og líka ef við lítum á tíma.



Dagný Rut Haraldsdóttir, sáttamiðlari og lögfræðingur

Hún segir sáttamiðlun eiga við í hinum ýmsu málum, bæði einkamálum og sakamálum. „Íslendingar eru bara alltaf svolítið seinir til, og ef við horfum á löndin í kringum okkur þá er þetta úrræði notað mun meira þar en hér. Á málþinginu munum við heyra hvernig þetta gengur til í Skotlandi en ætla má að Skotar séu um tíu árum á undan okkur í þessu,“ segir hún.

Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari tekur undir orð Dagnýjar og segir að hægt væri að notast við sáttamiðlun í mun meiri mæli en gert er. „Þetta er mjög gott úrræði og það er sorglegt hvað það er lítið notað. Ég held að þetta gæti verið stórgott úrræði í ýmsum sakamálum,“ segir Kolbrún.

**birnadrofn@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR OG STEFÁN



# Réttindi í 30 ár

Barnasáttmálinn átti 30 ára afmæli í gær og var því fagnað á ýmsan hátt. Farið var í réttindagöngu í miðbæ Reykjavíkur og Hagaskóli var útnefndur Réttindaskóli UNICEF.







HÚSASMIÐJAN

blómaval

**Opið til kl. 21:00**
Skútuvogi og Selfossi

**Opið til kl. 19:00**
í öðrum verslunum

# ALLAR VÖRUR*

# TAX FREE

## Aðeins í dag fimmtudag

OPIÐ TIL KL. 21 Í SKÚTUVOGI




**Frá kl. 18-21 í kvöld**

**Pulsuvagninn í Skútuvogi**
Allir sem versla í dag fá pylsu og kók á
**199 kr.**
Gegn kassakvittun

**Dagskrá í Skútuvogi í dag**
Jólalandið verður á sínum stað í Blómavali



**Frá kl. 17-20 í kvöld**

**Allir fá ÍS**
Ís í brauðformi á meðan birgðir endast.

*Gildir ekki af vörum í timbursölu • *Gildir ekki af tilboðsvörum, WEBER grillum og Philips Hue vörum • *Gildir ekki af vörum merktum „lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum og 9,91% af matvörum. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

## Foreldrar ekki af baki dottnir

**REYKJAVÍK** Foreldrar barna við Kelduskóla Korpu eru ekki af baki dottnir þó að borgarstjórn hafi samþykkt tillögu um að leggja niður skólahald þar næsta haust.



**Sævar Reykjalín, formaður Foreldrafélags Kelduskóla.**

„Það er sárt að stjórnmálamennirnir tóku ekki mark á nemendum og foreldrum. Það var ekki litið við þeirra ábendingum og rökum. Við erum hins vegar ekki af baki dottin og ætlum að leita okkar réttar,“ segir Sævar Reykjalín, formaður foreldrafélags Kelduskóla. „Við ætlum að vera fullviss um að við höfum gert allt sem við gátum áður en við gefumst endanlega upp.“ **– ab**

## Bryndís verður ráðuneytisstjóri

**STJÓRNSÝSLA** Bryndís Hlöðversdóttir ríkissáttasemjari mun taka við starfi ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu um næstu áramót. Verður hún flutt milli embættanna samkvæmt heimild í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.



**Bryndís Hlöðversdóttir.**

Bryndís hefur gegnt embætti ríkissáttasemjara frá árinu 2015 en áður var hún meðal annars rektor Háskólans á Bifröst auk þess að sitja á Alþingi fyrir Alþýðubandalagið og Samfylkinguna.

Ragnhildur Arnljótsdóttir, núverandi ráðuneytisstjóri, mun taka við nýju embætti hjá fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu í Strassborg. Þar mun hún meðal annars vinna að undirbúningi formennsku Íslands í Evrópuráðinu 2022. **– sar**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista blaðsins á **www.frettabladid.is#nyskraning**
Það kostar ekkert.

# Lýsa yfir vilja til að efla samfélagslega nýsköpun

**NÝSKÖPUN** Í dag verður undirrituð viljayfirlýsing nýsköpunarráðherra, Háskóla Íslands og Almannaheilla, samtaka þriðja geirans um samstarf til að efla samfélagslega nýsköpun. Verður unnið að því að auka möguleika félagasamtaka á að starfa að félagslegum umbótum innan stofnunar sem fær heitið Vaxandi – miðstöð samfélagslegrar nýsköpunar.

„Við stefnum að því að skapa vettvang félaga og almennra borgara til að þróa hugmyndir og lausnir við að bæta samfélagið og gera þær sjálfbærar,“ segir Ómar H. Kristmundsson, prófessor á félagsvísindasviði Háskóla Íslands, en verkefnið grundvallast á tíu ára rannsóknarvinnu hans og Steinunnar Hrafnsdóttur, sem einnig er prófessor við sama svið.

> **Þörfin fyrir samfélagslega nýsköpun hefur aukist verulega á síðastliðnum árum.**
>
> Ómar H. Kristmundsson, prófessor við Háskóla Íslands



Samfélagsleg nýsköpun tengist hinum svokallaða þriðja geira. Þriðji geirinn, eða félagshagkerfið, er í raun það starf sem hvorki heyrir til hins opinbera né einkageirans. Hér eru á ferðinni félagasamtök að stærstum hluta en í sumum tilvikum sjálfseignarstofnanir, samvinnufélög og jafnvel hlutafélög. Það sem einkennir þennan rekstur er að ekki er sóst eftir hagnaði, félagsleg gildi eru höfð að leiðarljósi og verkefni eru unnin að einhverju leyti í sjálfboðavinnu.

Yfirlýsingin verður undirrituð klukkan 10 í sal Þjóðminjasafnsins. Ávörp flytja Ómar, Steinunn, Jón Atli Benediktsson rektor, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ráðherra, Jónas Guðmundsson, formaður Almannaheilla, og Lars Hulgaard, prófessor við Hróarskelduháskóla. **– khg**

Nánar má lesa um málið á **frettabladid.is**

# RÚV ber að stofna dótturfélag utan um samkeppnisrekstur

**Ríkisútvarpið brýtur lög með því að vera ekki með samkeppnisrekstur í dótturfélagi. Vinnuhópur um stofnun dótturfélags verður skipaður í næstu viku. RÚV hefði orðið ógjaldfært ef ekki hefði komið til lóðasala í Efstaleiti.**





**Starfshópur verður skipaður í næstu viku til að undirbúa stofnun dótturfélags.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisútvarpið brýtur lög með því að vera ekki með samkeppnisrekstur í dótturfélagi. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi RÚV ohf. Þar kemur einnig fram að ef RÚV hefði ekki selt lóðir í Efstaleiti hefði stofnunin orðið ógjaldfær.

Lög sem kveða á um að RÚV skuli stofna dótturfélag eru frá árinu 2013 en gildistöku umrædds ákvæðis var frestað til 2018. Segir í skýrslunni að ákvæðið um dótturfélag sé til að tryggja að ríkisstyrkir renni ekki til annarrar starfsemi en almannaþjónustu. Samtök iðnaðarins sendu stjórn RÚV bréf í september í fyrra þar sem lögin voru áréttuð og sagt að aðgerðarleysi stjórnarinnar leiddi til röskunar á samkeppnismarkaði.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði í fyrra brýnt að hrinda stofnun dótturfélaga um samkeppnisrekstur RÚV í framkvæmd, það væri í höndum stjórnar RÚV. Töldu þá stjórnendur RÚV að það dygði að aðskilja reksturinn í bókum stofnunarinnar.

Ráðherra segir að nú sé búið að taka af öll tvímæli um það. „Ég fór

> **RÚV gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi og því brýnt að umgjörðin sé traust og trúverðug.**
>
> Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra



þess á leit við Ríkisendurskoðun að vinna skýrslu um fjárhagslega aðgreiningu almannaþjónustu og samkeppnisrekstrs í bókhaldi Ríkisútvarpsins ohf. Það er mikilvægt að eyða allri óvissu í þessum efnum. Ríkisendurskoðun tekur af öll tvímæli um nauðsyn þess að stofna dótturfélag fyrir samkeppnisrekstur og ég mun beina þeim tilmælum til stjórnar,“ segir Lilja.

Kári Jónasson, formaður stjórnar RÚV, segir að nú sé komin fullvissa fyrir því að það sé í lagi að stofna dótturfélög en óvissa hafi ríkt um það vegna virðisaukaskattsmála.

„Þetta er það sem við höfum verið að bíða eftir og nú munum við bara bretta upp ermarnar og í næstu viku munum við setja á stofn vinnuhóp og undirbúa stofnun dótturfélags. Þetta átti að vera tilbúið í vor frá Ríkisendurskoðun en hefur dregist. Við erum mjög fegin að vera loksins búin að fá stimpilinn frá Ríkisendurskoðun,“ segir Kári. Í skýrslunni segir að RÚV hefði orðið ógjaldfært ef ekki hefði komið til lóðasala í Efstaleiti. Sá hagnaður var tekjufærður á árunum 2016 til 2018. „Án lóðasölunnar hefði Ríkisútvarpið ohf. orðið ógjaldfært. Ef litið er á afkomu félagsins fyrir tekjuskatt og án söluhagnaðar hefði heildarafkoma tímabilsins verið neikvæð um 61 milljón króna,“ segir í skýrslunni.

Kári bendir á að fjárhagur RÚV hafi batnað mikið á undanförnum árum þótt ekkert megi út af bera.

Ráðherra segir brýnt að á þessu verði tekið. „Þessar ábendingar Ríkisendurskoðunar eru gagnlegar er varða fjárhagsstöðuna. Það er brýnt að á þessu verði tekið og beini ég því til stjórnar að bregðast hratt við. RÚV gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi og því brýnt að umgjörðin sé traust og trúverðug,“ segir Lilja. **arib@frettabladid.is**





# Sýnikennsla

**Í GERÐ HURÐAKRANSA, AÐVENTUKRANSA OG JÓLASKREYTINGA**

SJÁIÐ NÝJUSTU STRAUMA OG STEFNUR Í JÓLASKREYTINGUM

FÁIÐ GÓÐ RÁÐ OG LÆRIÐ RÉTTU TAKTANA HJÁ BLÓMASKREYTUM GARÐHEIMA

## 20% AFSLÁTTUR

KERTUM
BATTERÍSKERTUM
SKREYTINGAREFNI
JÓLASKREYTINGUM
JÓLASKRAUTI
INNPÖKKUNAREFNI





## 20% AFSLÁTTUR

HURÐAKRÖNSUM
SÍGRÆNUM PLÖNTUM
GRENILENGJUM
GERVIJÓLATRJÁM

## 20% AFSLÁTTUR

LJÓSASERÍUM
LJÓSAHLUTUM
LJÓSAHÚSUM
AÐVENTULJÓSUM



# Aðventukvöld Garðheima

— ★★★ —

## FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ 21. NÓVEMBER

FRÁ 19:00 TIL 22:00
ÆTLA GARÐHEIMAR AÐ VERA MEÐ NOTALEGT AÐVENTUKVÖLD
TIL AÐ UNDIRBÚA OG FAGNA AÐVENTUNNI.

— ★★★ —

RISTAÐAR JÓLAMÖNDLUR

HEITT KAKÓ OG IRISH COFFEE

JÓLAKAFFI FRÁ KAFFITÁR

JÓLAKONFEKT FRÁ NÓA SIRIUS OG GUDRUN

— ★★★ —




TILBOÐIN GILDA
FIMMTUDAGINN 21. NÓV
OG FÖSTUDAGINN 22. NÓV

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is






Kynjajafnrétti hefur verið sett á dagskrá hjá Icelandair. Elísabet og Ásdís Ýr. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Enginn mun verða skikkaður í hælaskó

**Icelandair tilkynnti á nýafstöðnu Heimsþingi kvenleiðtoga fyrirheit sín um kynjajafnrétti. Fyrirtækið ætlar meðal annars að fjölga karlflugþjónum og samræma reglur um milli kynja varðandi einkennisfatnað starfsmanna.**

**VIÐSKIPTI** Icelandair ætlar á næstu fimm árum að tryggja jafnt kynjahlutfall meðal stjórnenda félagsins. Hlutfall karla eða kvenna verði ekki undir 40 prósentum árið 2025. Þá ætlar fyrirtækið að fjölga stöðugildum kvenflugmanna um 25 prósent og stöðugildum karlflugþjóna um 25 prósent miðað við núverandi stöðu. Að auki ætlar fyrirtækið sér að fjölga konum í störfum flugvirkja með því að kynna flugvirkjastörf og -nám fyrir stúlkum og taka einkennisfatnað flugþjóna til endurskoðunar.

„Við höfum unnið markvisst að jafnréttismálum síðustu ár og uppfært stefnu okkar þar sem samfélagsábyrgð er ríkur þáttur. Icelandair hefur ákveðið að leggja fjögur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna til grundvallar stefnu sinni í samfélagsábyrgð og er jafnrétti kynjanna eitt af þeim,“ segir Ásdís Ýr Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta og samfélagsábyrgðar hjá flugfélaginu.

„Við erum að setja kynjajafnrétti á dagskrá,“ segir Elísabet Helgadóttir, framkvæmdastjóri mannauðs hjá Icelandair. „Við höfum verið að horfa til þess að fjölga konum í stjórnendastöðum í fyrirtækinu og það hefur verið hraður gangur í því síðustu ár. Fyrir rúmlega tíu árum var engin kona í framkvæmdastjórn eða stjórn fyrirtækisins. Í dag er kynjahlutfallið í stjórn félagsins 40 prósent konur og 60 prósent karlar og í framkvæmdastjórn eru þrjár konur af átta framkvæmdastjórar. Þá er kynjahlutfall meðal annarra stjórnenda en þeirra sem sitja í framkvæmdastjórn jafnt.

> **99%**
> **flugvirkja eru karlar.**

Það hefur verið átak í því að fjölga kvenflugmönnum, það hefur hækkað úr 6,5 prósentum í 12 prósent á áratug. Hlutfall karlflugþjóna hefur einnig hækkað, var 5 prósent en er nú 9 prósent, við viljum vinna í því að hvetja karlmenn til að sækja um störf sem flugþjónar,“ nefnir hún og segir vinnu í jafnréttisáætlun ekki orðin tóm.

„Við erum vakandi fyrir öllu í starfi fyrirtækisins og að kynin hafi jöfn tækifæri. Við viljum að það sé jafnt í nefndum og verkefnavinnu þegar kemur að stórum ákvarðanatökum innan fyrirtækisins. Þá ætlum við að draga úr skaðlegum staðalímyndum sem eru ríkjandi um kynin í flugi,“ segir Elísabet.

Hún segir mikilvægt að huga að einkennisfatnaðinum, enda klæðist stærstur hluti starfsmanna slíkum fatnaði við störf sín. „Við erum í heildarendurskoðun á einkennisfatnaði samhliða því að draga úr skaðlegum staðalímyndum í okkar iðnaði. Við viljum samræma reglur á milli kynja. Það hafa til dæmis verið ákveðin viðmið hvað varðar skófatnað og farða sem verður breytt í takt við nútímann. Konur eiga að hafa val um það hvort þær eru á háum hælum eða með farða. En við drögum ekki úr kröfum, starfsfólk okkar er þekkt fyrir glæsileika og þannig verður það áfram. Númer eitt, tvö og þrjú er öryggi um borð,“ leggur Elísabet áherslu á.

Ásdís segir ímynd flugfélagsins fara saman við ímynd þjóðar. „Við erum íslenskt flugfélag, kennt við Ísland sem er mjög framarlega í jafnréttismálum. Við teljum eðlilegt að við getum staðið undir þeim hagsmunum sem jafnrétti er fyrir Íslendinga,“ segir hún.

Á árunum 2001 til 2003 var Icelandair kært til kærunefndar jafnréttismála fyrir svokallaðar Dirty Weekend auglýsingar sem voru birtar í Bretlandi.

„Fyrirtækið og stefna þess er gjörbreytt,“ segir Ásdís Ýr. „Það eru nærri 20 ár síðan þessi herferð fór af stað. Og sem betur fer erum við komin langan veg. Við sjáum í dag að önnur flugfélög í heiminum fylgja okkar fordæmi í jafnréttismálum. Við viljum verða afgerandi í jafnréttismálum á alþjóðavettvangi. Og það er spurning um samkeppnishæfni og sjálfbærni fyrirtækisins,“ leggur Ásdís áherslu á.

„Það er margsannað að fjölbreytni á vinnustað skilar sér í betri ákvarðanatöku, það er margsannað. Jafnréttismál eru líka mikilvæg í hugum neytenda okkar,“ segir Elísabet. **kristjanabjorg@frettabladid.is**




# Leggja á línur um opinbera umfjöllun

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur mun fjalla um mörk opinberrar umfjöllunar lögreglu og ákæruvalds um sakamál sem til rannsóknar eru. Rétturinn féllst í vikunni á beiðni Gísla Reynissonar um áfrýjun dóms Landsréttar þar sem honum voru dæmdar tvær og hálf milljón í bætur í vegna svonefnds Asertamáls. Bæturnar fékk Gísli vegna aðgerða lögreglu og ákæruvalds við rannsókn Aserta-málsins sem varðaði meint stórfellt brot á gjaldeyrislögum en Gísli og aðrir ákærðu í málinu voru sýknaðir í Héraðsdómi Reykjaness árið 2014.



Helgi Magnús Gunnarsson sat fyrir miðju á blaðamannafundi rannsakenda um Aserta-málið árið 2010.

Þær aðgerðir sem Gísli fékk bætur fyrir voru handtaka, húsleit, haldlagning og rannsókn fjarskiptagagna, kyrrsetning á eignum og haldlagning fjármuna á bankareikningi hans. Landsréttur hafnaði hins vegar kröfu Gísla um bætur vegna ummæla sem Helgi Magnús Gunnarsson, þá yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, lét falla á sérstökum blaðamannafundi sem boðað var til um málið þegar það var á rannsóknarstigi.

Í ákvörðun sinni um áfrýjunarleyfi féllst Hæstiréttur á að dómur um þetta atriði geti haft fordæmisgildi en beiðni Gísla byggist meðal annars á því að Hæstirréttur hafi ekki áður fjallað um hvar leyfileg mörk umfjöllunar lögreglu og ákæruvalds séu um mál sem til rannsóknar eru. Stjórnarskrárvarin réttindi vegist á við slíkt mat. **– aá**

# Vítamínsprengja

**25%**
**afsláttur**

**af öllum vítamínum**
**21.-24. nóvember**




24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

*Meira*
svona
*alla daga*



Contreras í leik Aris gegn AEK árið 2009. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fótboltamaður grunaður um að vera höfuðpaur eiturlyfjahrings

**SPÁNN** Sergio Contreas, fyrrverandi atvinnumaður í fótbolta, var handtekinn á þriðjudag, grunaður um að vera höfuðpaur eiturlyfjahrings sem starfar á suðurhluta Spánar. Contreras var á ferli sínum þekktur sem Koke, en þó ekki hinn þekkti landsliðsmaður Koke sem spilar með Atletico Madrid.

Handtakan fór fram í bænum Estepona, sem er mitt á milli Gíbraltarhöfða og hins vinsæla ferðamannastaðar Marbella. Á sama tíma fóru fram lögregluaðgerðir víðs vegar um suðurhluta Spánar, svo sem í borgunum Sevilla, Malaga og Granada. Í aðgerðunum voru alls 20 manns handteknir, hald lagt á eitt tonn af kannabisefnum og 700 þúsund evrur í peningum, eða rúmlega 95 milljónir króna.

Samkvæmt lögreglunni er Contreras grunaður um að vera leiðtogi hópsins og að skipuleggja starfsemina. Er honum nú haldið í gæsluvarðhaldi í borginni Malaga.

> Contreras skoraði 6 mörk í 43 leikjum fyrir Marseille.

Contreras er 36 ára gamall og lék fótbolta frá 2001 til 2016 sem framherji. Hann hóf ferilinn í heimabæ sínum Malaga en fór ungur til franska liðsins Marseille þar sem hann skoraði 6 mörk í 43 leikjum.

Eftir stutt lán til Sporting Lissabon spilaði Contreras í fimm ár með gríska liðinu Aris. Eftir það varð hann hálfgerður flækingur og spilaði meðal annars með Houston Dynamo í Bandaríkjunum, FC Baku í Aserbaídjsan, Blooming í Bólivíu og NorthEast United á Indlandi. – khg


20% afsláttur

SIXMIX OG PIANO

21. - 23. nóvember



SKÓHÖLLIN

FIRÐI HAFNARFIRÐI SÍMI 555 4420


# Trump hafi þrýst á um rannsókn á Joe Biden

**Yfirheyrslur nefndar fulltrúadeildar Bandaríkjaþings vegna rannsóknar á embættisfærslum Donalds Trump héldu áfram í gær. Sendiherra Bandaríkjanna hjá ESB segir að forsetinn hafi skipað sér að beita úkraínsk stjórnvöld þrýstingi til að rannsaka pólitíska andstæðinga hans.**



Gordon Sondland við vitnaleiðslurnar í þinginu í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

**BANDARÍKIN** Gordon Sondland, sendiherra Bandaríkjanna hjá ESB, segir að Donald Trump Bandaríkjaforseti hafi skipað sér að beita stjórnvöld í Úkraínu þrýstingi til að hefja rannsókn á Joe Biden. Þetta kom fram í vitnisburði Sondlands fyrir nefnd Bandaríkjaþings sem rannsakar embættisfærslur forsetans.

Sondland sagði Trump hafa beðið sig að vinna með Rudy Giuliani, lögmanni Trumps, að stefnumótun varðandi Úkraínu. Það hafi hann gert þvert gegn vilja sínum því annars hefði mikilvægt tækifæri til að bæta samskipti landanna glatast.

Opnar vitnaleiðslur í málinu héldu áfram í gær en þeim lýkur í dag. Tilefni rannsóknar fulltrúadeildar þingsins á forsetanum er símtal hans við úkraínskan starfsbróður sinn þann 25. júlí síðastliðinn.

Snúast ásakanirnar um að Trump hafi reynt að fá úkraínsk stjórnvöld til að rannsaka viðskipti Joes Biden, sem sækist eftir að verða forsetaframbjóðandi Demókrata í kosningum næsta árs, og sonar hans, Hunters.

Reuters-fréttastofan segir að Sondland, sem áður hafði borið vitni fyrir luktum dyrum, hafi í gær gengið mun lengra í lýsingum sínum á þátttöku ýmissa embættismanna í málinu. Sjálfur hafi hann lagst gegn því að 400 milljóna dollara hernaðaraðstoð til Úkraínu yrði frestað á meðan þrýst væri á rannsóknina á Biden-feðgum.

„Það voru allir inni í þessu. Þetta var ekkert leyndarmál,“ sagði Sondland. Hann staðfesti einnig að Trump hefði stungið upp á að Zelenskí, forseta Úkraínu, yrði boðið í opinbera heimsókn í Hvíta húsið gegn því að rannsókn á Biden-feðgunum færi fram. Hér hefði einfaldlega verið um greiða á móti greiða að ræða.

Sjálfur hefur Trump sagt að ekkert óeðlilegt hafi átt sér stað í samskiptum hans við Zelenskí. Þá hefur hann algjörlega hafnað því að hafa boðið greiða á móti greiða.

Sondland vék einnig að þætti Mikes Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í málinu. Vísaði hann meðal annars í tölvupóstsamskipti þeirra um hernaðaraðstoðina til Úkraínu. Pompeo vildi ekki tjá sig við fréttamenn um vitnisburð Sondlands.

Adam Schiff, formaður þingnefndarinnar sem fer með rannsóknina, sagði vitnisburð Sondlands mikilvægan kafla í sögu rannsóknarinnar. Þarna væri komið að mútum og öðrum pólitískum misgjörðum.

„Við heyrðum líka í fyrsta sinn um hversu útbreidd vitneskja um þessa áætlun var,“ sagði Schiff.

sighvatur@frettabladid.is

## Langri baráttu fyrir reykingabanni lokið í Austurríki

**AUSTURRÍKI** Reykingabann á veitingastöðum og skemmtistöðum hefur loksins tekið gildi í Austurríki en lög þess efnis voru samþykkt í júlí. Andstæðingar reykinga hafa um árabil kallað landið „öskubakka Evrópu“.

Umræðan hefur verið hörð í 13 ár en til stóð að setja reykingabannið á árið 2017 en þá kom hinn þjóðernispopúlíski Frelsisflokkur í veg fyrir það. Heinz-Christian Strache, leiðtogi Frelsisflokksins til 14 ára og sjálfur mikill reykingamaður, taldi að ríkið ætti ekki að skipta sér af reykingum fólks. Og reyndar ekki heldur hraðakstri í umferðinni.

Um 25 prósent Austurríkismanna reykja sígarettur, sem er hæsta hlutfallið í Evrópu vestan járntjaldsins og langt yfir 18 prósenta meðaltali álfunnar.



Deilt hefur verið um reykingabann í þrettán ár. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **25%**
> Austurríkismanna reykja sígarettur, sem er hæsta hlutfallið í Evrópu vestan járntjaldsins og langt yfir 18 prósenta meðaltali álfunnar.

Í fyrra hófst mikið átak til þess að fá bannið í gegn. Heilbrigðisstofnun landsins beitti sér fyrir undirskriftasöfnun sem tæp milljón manns skrifaði undir. En Frelsisflokkurinn kom í veg fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um málið, þrátt fyrir að flokkurinn væri almennt hlynntur þjóðaratkvæðagreiðslum um flest mál. Þegar Frelsisflokkurinn hrökklaðist úr ríkisstjórninni í vor eftir spillingarmál tengt Strache gafst tækifæri til að koma löggjöfinni í gegn. – khg

# HAVE A MERRY KEXMAS



## JÓLAMATSEÐILL 2019

### FORRÉTTIR

**Kex graflax**
Með dill, blönduðum pipar, avocado sneið, rifinni piparrót og jurtamajónesi.

**Ristaður rauðrófuhummus**
Ásamt súrdeigsbrauði og pistasíuhnetum.

**Nautatartar**
Með blönduðum sveppum, ferskum brómberjum og sólskokkaflögum.

### AÐALRÉTTIR

**Steiktur Lax**
Með sítrónudressingu, regnbogagulrótum, rósmarín og blönduðum sveppum.

**Lambalæri**
Með blönduðum sveppum og brúnni piparsósu.

#### MEÐLÆTI

Sykurbrúnaðar kartöflur.
Smælki með jurtum.
Karamelliserað rauðkál með ristuðum hesli- og pekanhnetum.
Grilluð pera með hunangsmarineringu.
Salat.

### EFTIRRÉTTIR

**Omnom Súkkulaðimús**
Með kanilmulningi, ferskum hindberjum og bláberjum.

**Vanilluís**
Með kanilmulningi, ferskum hindberjum og bláberjum.

**5.990 kr.-**
**Matseðillinn gildir fyrir 10 manns eða fleiri**

KEX HOSTEL • SKÚLAGATA 28 • 101 REYKJAVIK
TEL +354 561 60 60 • WWW.KEXHOSTEL.IS
EVENTS@KEXHOSTEL.IS

KEX

# Lánuðu of mikið út á of lágum vöxtum

**Breyttar áherslur viðskiptabankanna vekja spurningar um of mikinn útlánavöxt og of lág vaxtakjör á síðustu árum að sögn hagfræðings. Bankakerfið sé að ganga í gegnum leiðréttingu. Landsbankinn ætlar ekki að hækka vexti fyrirtækjalána.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is





Ný útlán íslensku bankanna til fyrirtækja hafa dregist töluvert saman á milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Samdráttur í útlánum til fyrirtækja og ákvarðanir íslenskra banka um að hækka vaxtaálag fyrirtækjalána eru merki um stefnubreytingu hjá íslensku bönkunum. Breytingarnar vekja spurningar um hvort íslensku bankarnir hafi lánað út of mikið og á of hagstæðum kjörum á síðustu árum.

„Við erum að sjá aukna meðvitund hjá íslensku bönkunum um mikilvægi þess að einblína á arðsemi umfram vöxt. Í því samhengi má spyrja sig hvort útlánavöxturinn sem við sáum á síðustu árum hafi verið ákjósanlegur og hvort bankarnir hafi einfaldlega verið að verðleggja lánin of lágt,“ segir Kristrún M. Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku banka, í samtali við Fréttablaðið.

Eins og greint var frá í Markaðinum í gær hefur Íslandsbanki fylgt í fótspor Arion banka með því að nýta ákvæði í lánasamningum við fyrirtæki til þess að hækka vexti. Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, sagðist hafa heyrt dæmi hjá fyrirtækjum innan raða félagsins um að vaxtaálag ofan á Reibor-vexti hefði hækkað um allt að 1 prósentustig á lánum sem báru vaxtaálag á bilinu 1,2 til 1,5 prósentustig fyrir breytinguna. Hækkunin væri því býsna drjúg.

Arion banki tók af skarið fyrr á árinu þegar bankinn ákvað að byrja að nýta sér ákvæði um vaxtabreytingardaga til þess að hækka vexti fyrirtækjalána. Í sumum tilfellum hækkaði vaxtaálagið um og yfir tvö prósentustig. Arion stefnir að því að minnka lánasafn bankans til fyrirtækja um 20 prósent fyrir árslok 2020 en útlánasafn bankans til fyrirtækja hefur dregist saman um tæplega sjö prósent á fyrstu þremur fjórðungum ársins.

> **Það má setja spurningarmerki við þá áherslu á útlánavöxt sem við sáum á síðustu árum áður en stefnunni var breytt í ár.**
>
> Kristrún M. Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku banka



Á heildina litið hafa ný útlán íslensku bankanna til fyrirtækja dregist töluvert saman á milli ára. Kristrún segir að ástæðan fyrir auknu aðhaldi í útlánum til fyrirtækja sé tvíþætt. Annars vegar hafi hægt á hagkerfinu og bankarnir dregið úr umsvifum sínum í takt. Áhættufælni aukist oft og tíðum hjá lánastofnunum á tímum niðursveiflu. Hins vegar virðist aðhaldið endurspegla stefnubreytingu í rekstri bankanna.

„Það má setja spurningarmerki við þá áherslu á útlánavöxt sem við sáum á síðustu árum áður en stefnunni var breytt í ár. Útlánavöxtur einn og sér er ekki endilega markmið heldur að lánin séu arðbær og að hagkerfið geti staðið undir vextinum,“ segir Kristrún. Og bendir á að útlánastarfsemi sé oftar en ekki sveifluaukandi. Hún ýki hagsveifluna í báðir áttir.

„Þegar vel gengur í hagkerfinu eykst útlánavilji að jafnaði, og samkeppni um nýja viðskiptavini getur sett pressu á lánakjör. Hið öfuga á sér stað þegar hægir á. Þær áherslubreytingar sem við sjáum nú benda til þess að líklega hafi útlánavextir verið of hagstæðir og útlánavöxturinn of mikill á undanförnum árum og að það sé að eiga sér stað leiðrétting sem gerist samhliða niðursveiflu í hagkerfinu,“ segir Kristrún. Það sé þó ekki algjör tilviljun að ráðist sé í uppstokkun á bankastarfsemi núna, enda séu niðursveiflur oft nýttar í endurskoðun á rekstri.

„Vissulega er óheppilegt að þessi stefnubreyting eigi sér stað á meðan Seðlabanki Íslands reynir að örva hagkerfið með vaxtalækkunum. Erfitt er hins vegar að neyða bankana til að veita lán á kjörum sem standa ekki undir arðsemiskröfum, og eyða áhættufælni sem eykst á tímum niðursveiflu, nema arðsemiskröfur séu einfaldlega lækkaðar,“ bendir Kristrún á.

Í þessu samhengi bendir hún einnig á að þegar stýrivextir eru orðnir jafn lágir og raun ber vitni geti reynst erfitt að lækka innlánsvexti. Þar myndist ákveðið gólf á kostnaðarhliðinni sem geti leitt til þess að bankar þurfi að hækka vaxtaálag á grunnvexti.

### Ekki nýjar kvaðir

Í samskiptum við fyrirtæki sem hafa þurft að sætta sig við hærra vaxtaálag hafa bankarnir borið fyrir sig bankaskattinn og háar eiginfjárkröfur. Kristrún segir að þessir þættir hafi vissulega mikil áhrif en bendir á að þeir hafi verið til staðar um árabil.

„Eiginfjárkröfur og bankaskatturinn eru ekki nýtilkomnar kvaðir þótt þær séu auðvitað íþyngjandi. Þegar bankarnir tóku ákvarðanir um útlánavöxt og útlánakjör þá vógu þessu þættir líka þungt. Það sem breyttist í ár var meðvitund um að undirliggjandi arðsemi væri ekki nógu góð. Þó að bankarnir búi við íþyngjandi regluverk þurfa þeir samt sem áður að horfa með gagnrýnum augum á þau kjör sem þeir geta boðið,“ segir Kristrún.

## Landsbankinn ekki á sömu línu

Íslandsbanki og Arion banki hafa sem fyrr segir gripið til þess að nýta ákvæði í lánasamningum til að hækka vaxtaálag á fyrirtækjalánum. Árni Þór Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs hjá Landsbankanum, segir að bankinn sé ekki í neinum sértækum aðgerðum til að hækka vaxtaálag fyrirtækjalána.



**Árni Þór Þorbjörnsson.**

„Við höfum ekki verið að hækka vaxtaálag hjá fyrirtækjum og engar slíkar sértækar aðgerðir eru á dagskrá. Arðsemi Landsbankans hefur verið ásættanleg á síðustu misserum og árum og það á einnig við um arðsemi af lánum til fyrirtækja,“ segir Árni Þór í samtali við Fréttablaðið. Á fyrstu níu mánuðum ársins nam arðsemi eigin fjár bankans 7,9 prósentum, borið saman við 8,8 prósent á sama tímabili fyrir ári, en sé aðeins litið til þriðja ársfjórðungs þá var arðsemi Landsbankans 5,4 prósent.

„Það er vissulega ákveðin áskorun fólgin í að halda viðunandi arðsemi á sama tíma og stýrivextir Seðlabankans lækka því við erum ekki að sjá samsvarandi lækkun í allri fjármögnun bankans. Við höfum verið að veita samkeppnishæf kjör en á þeim forsendum að það sé til hagsbóta bæði fyrir bankann og viðskiptavini. Við tökum tillit til áhættu, viðskiptasögu, verkefnis og fjármögnunar við verðlagningu ásamt öðrum tilfallandi þáttum. Við erum sífellt að auka hagræði í rekstri bankans og það vegur á móti minnkandi vaxtamun,“ segir Árni.



# BARÁTTUSAGAN SEM ALDREI VAR SÖGÐ

**„SAGA SEM SNART HJARTA MITT "**

Með óbilandi kjarki, jákvæðni og þrautseigju tókst Margrét Dagmar Ericsdóttir á við hið ómögulega – þar sem engin fórn var of mikil. Í þessari **áhrifamiklu** bók segir hún frá glímu fjölskyldu við erfiðleika sem virtust óyfirstíganlegir, hún lýsir beint frá hjartanu **sársauka og sorg** en líka **gleði og sigrum** – og því hvernig vængjaþytur vonarinnar hvarf henni aldrei.

**2.**
**Metsölulisti Eymundsson**
Handbækur / Fræðibækur / Ævisögur




**„ÞÚ BREYTTIR LÍFI MÍNU"**
**KATE WINSLET UM SÖGU MARGRÉTAR**

**„Þú breyttir lífi mínu. Saga þín eflir mig sem móður og manneskju. Þakka þér fyrir að hjálpa mér að þroskast. Það ert þú sem hefur töfrana. Þú kennir mér svo margt á hverjum degi."**
– Kate Winslet um sögu Margrétar

**„Hetjusagan um Margréti; konuna sem barðist fyrir son sinn; opnaði dyr sem allir töldu lokaðar; saga sem snart hjarta mitt; mögnuð og hrífandi. Lestur bókarinnar gerir okkur að betri manneskjum."**
Dorrit Moussaieff um sögu Margrétar

BJARTUR | VERÖLD
bjartur-verold.is

# Réttur til að lifa og þroskast

**Það er mikilvægt að fá að tjá sig og hafa eitthvað að segja um umhverfi sitt. Frjáls leikur er nauðsynlegur og það eru ekki allir sammála um hversu mikið súkkulaði er of mikið. Það er bara vont fólk á móti Barnasáttmálanum en sáttmálinn náði þeim áfanga að verða 30 ára í gær.**

Inga Rún Sigurðardóttir
ingarun@frettabladid.is



Lára Rún Eggertsdóttir og Jón Illugi Benediktsson eru bæði í 6. bekk Laugarnesskóla sem er réttindaskóli UNICEF en Hlynur Egill Vignisson og Kristín Ásta Sigtryggsdóttir eru í 5. bekk skólans. Þau eiga það sameiginlegt að vera öll í réttindaráði skólans. Þess má geta að í anda réttindaskólans var dregið um hvaða krakkar kæmu í viðtal við Fréttablaðið fyrir hönd skólans en margir voru viljugir til að sinna þessu verkefni. Nánar er tiltekið hvað felst í því að vera réttindaskóli í viðtali við skólastjórann, Sigríði Heiðu Bragadóttur, á næstu síðu.

*Hvað gerið þið í réttindaráðinu?*

„Í réttindaráðinu erum við oftast að tala um réttindi barna og hvað við getum gert fyrir skólann. Eins og á síðasta fundi þá vorum við að hugsa um hvað við gætum gert á degi eineltis. Og svo líka fáum við alltaf köku,“ segir Lára.

Það hljómar ekki illa að fá köku.

„Nema ef það er alltof mikið súkkulaði á henni,“ segir Kristín en hinir krakkarnir malda í móinn og það eru greinilega skiptar skoðanir um hversu mikið súkkulaði er of mikið.

„Kokkkurinn í skólanum er geggjaður,“ segir Lára.

*Hvað eru mikilvæg réttindi í skólanum?*

„Í skólanum er það að engum sé strítt og það sé ekki verið að leggja í einelti,“ segir Jón.

*Hvað getur maður gert til að fylgja þessum markmiðum?*

„Tala mikið um réttindi og hvernig maður á að segja stopp, labba í burtu og segja frá,“ segir Jón.

„Ég hef lært að það er mjög slæmt að leggja í einelti,“ segir Hlynur um það sem hann hefur lært á veru sinni í ráðinu.

„Réttindi sem mér finnst fylgja í skólanum er að hafa leyfi til að tjá sig. Og að allir eigi rétt á mat,“ segir Lára.

*Hvaða önnur réttindi væri hægt að nefna?*

„Það er mjög mikilvægt að við erum jöfn en ekki eins,“ segir Lára.

„Þegar við áttum einu sinni að vera með húfu voru tvær stelpur með buxur í staðinn. Sumir voru með derhúfu eða jólahúfu en þær voru bara með buxur,“ segir Kristín.

*Hefur það að vera í réttindaráðinu breytt því hvernig þið hugsið um hlutina?*

„Já, maður er meðvitaðri um stríðni,“ segir Jón.

„Stundum grínast ég í mömmu og pabba og segi – það eru réttindi að ég borði það sem ég vil borða,“ segir Lára og Jón bætir við að hann geri líka svona grín heima.

„Um daginn þegar það var svo mikil rigning úti sagði ég við kennarann að við ættum rétt á því að vera inni í hlýjunni í frímínútum,“ segir Lára.

„Það er auðveldara að tjá sig þegar þú ert búinn að heyra meira um Barnasáttmálann,“ segir Jón.

„Ég held að allir í skólanum viti réttindi sín og viti hverju þeir eiga rétt á af því að við erum alltaf að tala um það. Það erum ekki bara við í réttindaráðinu sem vitum hvernig réttindin eru. Við erum oft að tala um það að um morguninn í söngnum,“ segir Lára en dagurinn í Laugarnesskóla byrjar alltaf á söng.

*Eru réttindi að fá góðan mat í skólanum?*

Allir svara þessari spurningu játandi.

„Það eru réttindi að fá hollan mat. Ekki bara nammi heldur góðan mat. Það eru margir krakkar að mótmæla því að það sé fiskur á mánudögum og miðvikudögum en við eigum rétt á því að fá eitthvað hollt sem er gott fyrir mann,“ segir Lára.

## Vont fólk á móti Barnasáttmála

*Finnst ykkur Barnasáttmálinn mikilvægur?*

Svarið er hátt og skýrt já frá öllum, sannfæringin er greinilega mikil.

„Einu sem eru á móti honum eru ábyggilega Donald Trump og Hitler,“ segir Lára.

„Hitler er steindauður,“ segir Hlynur.

„Það er bara vonda fólkið sem er á móti honum, Donald Trump, Kim Jong-un og sálin í Hitler,“ áréttir Lára.

Á móti kemur að þeim finnst Obama 0 prósent vondur en Hlynur hefur trú á því að það sé 1 prósent gott í Donald Trump. Í kjölfarið spinnast umræður um að JóiPé og Króli eða Herra Hnetusmjör ættu að gera lag um Obama.

## Loftslagsmálin mikilvæg

Þeim finnst loftslagsmálin tengjast sterkt inn í réttindi barna.

„Það voru margir í skólanum að skrópa og fara að mótmæla. Mig langaði að gera það en ég var hrædd um að ég þyrfti þá að gera stærðfræðina heima. Ég er mjög mikið með þeim sem eru að mótmæla. Það er verið að brjóta á réttindum barna. Það er verið að skemma framtíðina okkar og það tengist réttindum barna til að lifa og þroskast,“ segir Lára.

„Ég er með annað með Barnasáttmálann sem er vernd og öryggi fyrir framtíðina. Ef einhver er bara tveggja ára og svo deyja allir. Það er ekki sanngjarnt,“ segir Jón.

Þeim finnst ákveðin innlegg í baráttunni við loftslagsbreytingar að fólk keyri um á rafmagnsbílum eða hjóli.

„Ég var alltaf svo stressaður með loftslagsbreytingarnar og plastið í sjónum. Flestir voru að segja við mig – þetta gerist ekki.

**Vettvangur**
Skapa þarf vettvang þar sem börn eru örugg og öll börnin taka þátt.

**Rödd**
Börn fái nauðsynlegar upplýsingar til að koma sjónarmiðum á framfæri.

**Ekki lemja aðra þangað til þeir eru sammála.**

Kristín Ásta Sigtryggsdóttir



**Að við fáum hollan mat og að við megum stundum vera inni í frímínútum.**

Hlynur Egill Vignisson






## Raunveruleg og sýnileg áhrif

Fyrsta barnaþingið verður haldið í Hörpu í dag en þar er fjölbreyttum hópi barna af öllu landinu boðið til þátttöku.

*Af hverju er mikilvægt að halda barnaþing?*

„Einfaldasta svarið við þessari spurningu er að okkur ber skylda til að hlusta á börn og taka mark á því sem þau hafa segja um sitt líf og samfélag,“ segir Salvör Nordal, umboðsmaður barna, sem boðar til þingsins.

„Barnasáttmálinn leggur áherslu á rétt barna til að fá að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem þau varða. Markmið barnaþingsins er að skapa vettvang á forsendum barna, þar sem þau fá tækifæri til að ræða við önnur börn, fá að láta í ljós skoðanir sínar og upplifa að á þau sé hlustað og mark á þeim tekið,“ segir Salvör sem lýsir barnaþinginu sem nokkurs konar þjóðfundi barna þar sem þeim gefist tækifæri til að ræða hugmyndir og skoðanir sínar á þeim málum sem þeim finnist mikilvæg.

Eftir hádegi koma síðan fullorðnir þátttakendur á fundinn, meðal annarra alþingismenn, ráðherrar, fulltrúar félagasamtaka og aðila vinnumarkaðarins.

Barnaþingið verður einstakur vettvangur fyrir umræður barna um mál sem á þeim brenna og verður haldið eftirleiðis annað hvert ár, útskýrir Salvör.

„Við erum því að byrja eitthvað alveg nýtt og spennandi. Umboðsmaður mun síðan vinna að því að niðurstöður þingsins hafi raunveruleg áhrif á stefnumótun og þróun í málefnum barna. Á næsta barnaþingi verður gerð grein fyrir því hvernig sjónarmið barnanna höfðu áhrif á stefnumótun þannig að börn upplifi að þátttaka þeirra á barnaþingi hafi haft raunveruleg og sýnileg áhrif,“ segir Salvör sem er sannfærð um að barnaþing eigi í framtíðinni eftir að vera öflugur vettvangur fyrir samráð við börn um hugðarefni þeirra.



Salvör Nordal.

### Leggja vel við hlustir

*Hverju ertu spenntust fyrir á þinginu?*

„Það er mjög erfitt að nefna eitthvað eitt – ég er spennt fyrir öllu og að sjá hvernig stemningin verður, en mest hlakka ég til þess að hitta börnin sem eru þingfulltrúar. Við höfum lagt okkur fram um að undirbúa þetta vel og við erum mjög stolt yfir því að halda fyrsta barnaþingið í Hörpu sem á eftir að gefa þinginu glæsilega umgjörð. Við erum með frábært fólk með okkur í skipulagningunni eins og Pálmar Ragnarsson sem mun sjá um að halda uppi stemningu allan fundinn,“ segir hún.

„Það verður ótrúlega gaman að fá að fylgjast með vinnu barnanna og umræðum. Börnin eru valin með slembivali og þau koma víða að af landinu. Með þessu móti heyrum við frá breiðum hópi barna. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir mitt embætti að heyra hvað börnum finnst um sín mál og fá þannig þeirra aðstoð við að móta áherslur í starfinu til næstu ára. Við munum hlusta mjög vel á skilaboð barnanna og það verður síðan mitt hlutverk að fylgja málum eftir við stjórnvöld.“

En á endanum mun þetta örugglega gerast. Ef við hættum þessu ekki,“ segir Hlynur sem hefur enn áhyggjur af þessum málum.

„Ég held mikið upp á Umhverfishetjuna, hún kom einu sinni í skólann til okkar,“ segir Hlynur en krakkarnir plokkuðu með henni.

„Við hendum plasti, fiskarnir borða plastið, við borðum fiskana,“ segir Kristín en henni líst ekki vel á þessa hringrás.

*Þarf ekki að stoppa þetta?*

„Ef við viljum að það sé friður á jörðinni eigum við ekki að vera að berja krakka. Ekki lemja aðra þangað til þeir eru sammála,“ segir Kristín.

**Áheyrn**

Börn njóti áheyrnar og hlustað sé á sjónarmið þeirra.

**Allir fá að tjá sig**

Ráðin í skólanum eru mikilvæg svo raddir nemenda fái að heyrast.

Hlynur segir að hann hafi viljað vera í réttindaráði svo hann „geti hjálpað skólanum og líka til að fá köku“.

Laugarnesskóli hefur haldið nemendaþing og finnst Jóni það mikilvægt „svo allar raddir fái að heyrast“.

Þeim finnst ekki lýðræðislegt að einn ráði öllu. „Laugarnesskóli hugsar mikið um að allir fái að tjá sig,“ segir Lára.

Jón segir að hugmyndaráðið sé sniðugt og það sé eitt hugmyndaráðsblað í hverjum bekk sem krakkarnir geti skrifað hugmyndir sínar á.

„Eins og vítateig á gervigrasið,“ segir Lára en sú hugmynd kom frá krökkum.

*Hvað skiptir ykkur máli í skólastarfinu?*

„Frímínútur, matur,“ segir Kristín.

„Mér finnst skipta máli að við fáum hollan mat og að við megum stundum vera inni í frímínútum þegar það er vont veður,“ segir Hlynur.

„Námið og að læra að vinna með öðrum,“ segir Jón.

„Mér finnst mikilvægt að við erum að fá bestu lestrarstund í heimi í morgunsöngnum. Að lesa textann í laginu,“ segir Lára.

„Mér finnst yndislestur vera besta lestrarstundin,“ segir Hlynur.

**Læra af leik**

*Ef það væri eitthvað eitt sem þið gætuð breytt í skólanum, hvað væri það?*

„Betri sundkennslu. Kannski er það bara út af því að ég æfi sund. Ég klára næstum strax en ég má ekki fara upp úr,“ segir Kristín.

„Lengri enskukennslu. Svo líka að hafa bjartara, það er svo drungalegt eins og í kjallaranum,“ segir Lára.

„Í fullt af verkefnum eins og í íslensku og stærðfræði er alltaf bara eitt verkefni. Það væri betra ef það væri hægt að velja létt eða aðeins erfiðara,“ segir Jón.

Hlynur vildi óska sér að það mætti „hoppa ofan í laugina og fara svo aftur upp úr“, í skólasundi. „Það er svo gaman að hoppa ofan í laugina.“

Talið berst í framhaldinu að því að þau vilja fá fleiri tækifæri til að leika sér.

„Og líka fá oftar frjálsa tíma,“ segir Hlynur.

„Eins og þjálfarinn minn í fimleikum, hann lætur okkur gera mikið og erfitt en samt leyfir hann okkur líka að leika okkur,“ segir Jón.

„Maður lærir stundum svo mikið af því að leika sér. Maður lærir af því að hafa frjálsa tíma. Maður lærir ekki bara af því að fara í stærðfræði,“ segir Lára og á lokaorðin: „Mér finnst það vera skylda að leyfa börnum stundum að leika sér fyrir utan að fara bara í frímínútur.“

**Áhrif**

Sjónarmið barnanna eru tekin alvarlega og hafa áhrif á stefnumótun þar sem við á.

**Það er auðveldara að tjá sig þegar þú ert búinn að heyra meira um Barnasáttmálann.**

Jón Illugi Benediktsson



**Það er mjög mikilvægt að við erum jöfn en ekki eins.**

Lára Rún Eggertsdóttir



## Höfum eldmóð fyrir réttindum barna



**Sigríður Heiða Bragadóttir.**

Sigríður Heiða Bragadóttir er skólastjóri Laugarnesskóla sem er réttindaskóli UNICEF.

*Hvað þýðir það að vera réttindaskóli og hvað hefur það að segja fyrir skólann?*

„Eitt af skilyrðunum fyrir því að vera réttindaskóli er að hafa eldmóð fyrir réttindum barna. Við höfum þennan eldmóð,“ segir Sigríður Heiða og bætir við að það sé lögð áhersla á að börn viti hvaða rétt þau hafa.

„Við segjum þeim að þau fæðast með þessi réttindi og þau eiga þessi réttindi; það getur enginn tekið þau af þeim. Við kennum þeim um þau réttindi sem þau eiga. Um leið og þau vita það, vita þau að öll önnur börn hafa sömu réttindi og þau sjálf,“ segir hún.

**Hlustað á rödd nemenda**

„Þetta snýst ekki bara um að börnin þekki réttindi sín heldur líka að starfsfólk skólans viti hvaða rétt þau hafa,“ segir Sigríður Heiða og vísar til Barnasáttmálans.

„Eins og 12. greinin; að hafa rétt til að tjá sig og hafa skoðun á hlutunum er mikilvægt fyrir okkur sem skólasamfélag. Að þau viti það sjálf að þau hafa rétt á að hafa skoðun á hlutunum og það sé hlustað á þau,“ segir Sigríður Heiða.

Mikið er unnið með nemendalýðræði í skólanum eins og til dæmis í réttindaráði og hugmyndaráði. „Við erum líka með umhverfisteymi. Við hlustum á rödd nemenda á mörgum stöðum. Þetta hefur líka áhrif á stefnuna okkar. Við höfum verið að endurskoða skólastefnuna með Barnasáttmálann að leiðarljósi,“ segir hún.

**Kennt í gegnum ævintýri**

Það að vera réttindaskóli skilar sér því inn í allt starfið og eru réttindin tekin inn í aðra kennslu. „Þetta er kennt samhliða öðru eins og til dæmis í gegnum bókmenntir og ævintýri. Það er aldeilis verið að brjóta á Öskubusku,“ segir hún.

*Skilar þetta sér út fyrir skólann?*

„Við vitum að það er verið að brjóta á réttindum barna og ég segi það að þegar þau eru meðvituð um hvað rétt þau hafa þá er það von mín og trú að þau stígi fram og segi frá ef það er verið að brjóta á rétti þeirra. Þau viti það að þetta er ekki rétt og láti vita þegar verið er að brjóta á rétti þeirra,“ segir Sigríður Heiða en henni finnst þetta vera mikilvægur þáttur.

„Þau eiga rétt á að vera örugg og njóta verndunar og við vitum að það er ekki alls staðar svoleiðis. Það eru börn sem halda það að það sé hægt að taka af þeim réttindi ef þau gera eitthvað sem þau eiga ekki að vera að gera,“ segir hún.

„Þú verður að vera með vissu um þetta. Um leið og þú veist að þú ert með þessi réttindi veistu að aðrir í kringum þig eru líka með sömu réttindi. Þegar við tölum um eitthvað sem mætti betur fara á skólalóðinni, þá notum við þessa orðræðu. Við eigum rétt á því að vera örugg.“

**Frumkvæði frá nemendum**

„Þau eru svo hugmyndarík og frjó og réttsýn. Það er svo gaman að vinna með þeim eins og í réttindaráðinu og eins þegar ég fer á fund með hugmyndaráðinu. Mér finnst þau hafa þroskast í þessu samtali og vera meðvitaðri,“ segir Sigríður Heiða og nefnir sem dæmi að nokkrir nemendur hafi ákveðið að vera með kjötlausan september. Nemendurnir fengu því grænmetisfæði í mötuneytinu en umhverfisáhrifin voru þeim efst í huga. Sumir héldu þessari tilraun áfram.

Elstu börnin eru enn fremur búin að velta matarsóun fyrir sér að undanförnu og vigta matinn. „Þetta er það sem þau vilja og er að frumkvæði þeirra,“ segir hún.

Sigríður Heiða segir að ein stúka í 6. bekk hafi bent á að þegar þú bendir á aðra séu þrír puttar sem bendi á þig. Skilaboðin í því eru að það er í lagi að benda á aðra en það verður líka að hugsa um hvað maður sjálfur getur gert.

*Er ekki ákveðinn kraftur í því þegar frumkvæðið kemur frá nemendunum sjálfum?*

„Þegar við tölum við þau, nálgast þau hlutina á annan hátt en við. Við erum föst í kassa en þau eru það ekki,“ segir Sigríður Heiða um muninn sem geti verið á börnum og fullorðnum.

„Að vera réttindaskóli er gríðarlega mikilvægt og það er mín trú að það skili sér í öllu starfi hjá okkur.“

# Börn og hættur heimilisins

Doktor.is



Þegar maður er ungur að aldri, þá gildir einu af hvoru kyninu, er forvitnin ein af driffjöðrunum við að rannsaka heiminn. Það er gaman að fylgjast með börnum vaxa úr grasi, sjá þau læra með tímanum hvernig umhverfi þeirra virkar, hvaða hættur eru til staðar og hvernig beri að varast þær. Við sem eldri erum og höfum þegar gengið þessa vegferð vitum að nauðsynlegt er að hafa „vit“ fyrir þeim yngri og passa að þau fari sér ekki að voða.

Þetta á við um flesta hluti í umhverfi okkar. Margir þeirra eru áhugaverðir sökum litar, hljóðs eða hreyfingar og hver kannast ekki við barnið sem fer að snerta sjónvarpsskjáinn sem sameinar alla þessa þrjá hluti í einum. Líklega er það þess vegna sem það er jafn góð barnapía og raun ber vitni og er örugglega ofnotað í þeim tilgangi víðast hvar. Að sama skapi eru spjaldtölvur í dag með snertiskjái og hafa þannig tekið forystuna í barnapíuhlutverkinu á mörgum heimilum með þeirri vídd sem þær bjóða upp á við að fanga huga barna okkar.

Allt er þetta eðlilegt út frá því sem börn veita athygli, en sem betur fer eru þau ekki stöðugt í slíkum tækjum og leita því á vit ævintýranna. Fikt og ýmist bröllt, mestmegnis sakleysislegt, en í sumum tilvikum lífshættulegt. Það á sérstaklega við um lyf sem þau geta fundið víða á heimilum fólks, fæðubótarefni og vítamín sem líta út eins og sælgæti er klárlega mjög spennandi fyrir litla einstaklinga að gleypa, því af eðlisávísun nota börn munninn til að átta sig á umhverfi sínu.

Við sjáum það reglubundið hérlendis að börn hafa komist í tæri við þessi efni og geta þau þá þurft á bráðri aðstoð að halda. Nokkrar ráðleggingar eru afar einfaldar en geysilega öflugar sem forvörn, líkt og að geyma lyf og bætiefni þar sem börn komast ekki að þeim. Jafnvel þó það séu engin börn á heimilinu dagsdaglega. Læstar hirslur, háir skápar, ekki í veskjum og þannig mætti lengi telja. Það er býsna langt og flókið mál að telja upp allt það sem getur valdið skaða og hvernig, en gott er að muna það að skammtastærðir eru háðar líkamsþunga í flestum ef ekki öllum tilvikum. Það er því augljóst að eitthvað sem er ætlað fullorðnum sem er 10-20 sinnum þyngri en barn getur ekki verið hollt, hið sama á við um bætiefni og vítamín. Göngum því varlega um þessi efni og komum sameiginlega í veg fyrir að þau valdi skaða hjá óvitanum.

Að þessu sögðu má ekki gleyma þeirri staðreynd að börn eldast og verða að unglingum og þrátt fyrir að maður skyldi ætla að þau þekktu hætturnar eiga sér samt stað lyfjaeitranir hjá þeim. Ástæðan er kaldranaleg og sorgleg, en þekkt er að vísvitandi inntaka til sjálfsskaða á sér stað í þessum aldurshópi. Við sjáum það á Íslandi sem annars staðar að áföll, vanlíðan, einelti og ýmsar aðrar ástæður, jafnvel ástarsorg, leiða til þess hörmulega gjörnings að ungur maður eða kona reynir að svipta sig lífi með lyfjum. Nauðsynlegt er að sporna við því að slíkt geti gerst með upplýstri og opinni umræðu, styðja og aðstoða þá sem líður illa og beina þeim í réttan farveg. Hér gildir þó ekki síst sama reglan og hjá óvitunum að lyf eru hættuleg, þau eru ætluð ákveðnum einstaklingi og engum öðrum. Sá hinn sami ber ábyrgð á öryggi sínu og þeirra sem í kringum hann eru.

**Teitur Guðmundsson**
læknir

# UNDIRBÚÐU JÓLIN Í NETTÓ!



**Kalkúnabringur**
erlendar
-45%
**1.429** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.599 KR/KG



-30%
**Hangilæri á beini**
Kjötsel
**1.749** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.499 KR/KG



-30%
**Léttreyktur lambahryggur**
Kjötsel
**2.729** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.898 KR/KG



-30%
**Úrbeinaður hunangsgljáður hamborgarhryggur**
Kjötsel
**2.099** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.998 KR/KG



-22%
**Babyback rif**
Kjötborð
**1.481** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.899 KR/KG

## VERÐSPRENGJA!



-40%
**Nautalundir**
Danish Crown
**2.999** KR/KG
**ÁÐUR:** 4.999 KR/KG



-30%
**Okkar laufabrauð**
**979** KR/PK
**ÁÐUR:** 1.398 KR/PK



-50%
**Sérbökuð vínarbrauð**
**109** KR/STK
**ÁÐUR:** 219 KR/STK



-22%
**Humar**
1 kg skelbrot
**3.431** KR/PK
**ÁÐUR:** 4.399 KR/PK

**Græn vínber**
500 gr
-50%
**250** KR/PK
**ÁÐUR:** 499 KR/PK



nettó
í jólaskapi



## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 21. - 24. nóvember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**ÓDÝRAST Á NETINU Í VEFVERSLUN NETTÓ***

**Skv. könnun Fréttablaðsins*



**Er þetta fíll sem stefnir að steindranganum Kerlingu? Kanna séð úr austri.** MYNDIR/TG

# Kanna sem hægt er að fíla

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Nyrst á Ströndum milli Furufjarðar og Þaralátursfjarðar og skammt frá friðlandinu á Hornströndum, er skemmtilegt náttúrufyrirbæri sem heitir Kanna. Þessi risavaxni steindrangur stendur lengst úti á nesi sem kallast Furufjarðarnúpur og er fjarri mannabyggð. Það er nokkurra klukkustunda ganga að Könnu, hvort sem gengið er að henni úr Furufirði eða Þaralátursfirði, en gönguleiðin er á köflum nokkuð torfarin. Göngufólki er þó launað erfiðið því Kanna er með stórkostlegustu náttúrufyrirbærum á Ströndum.

Þegar komið er að drangnum að vestanverðu úr Furufirði blasir gatið við og nafnið Kanna virðist einkar viðeigandi. Skammt frá er mun nettari og mjórri drangur sem heitir Kerling, en eiginmann hennar, Karlinn, er að finna aðeins norðar í Bolungarvík og er sá klettur rytjulegri í lögun og snúnari. Ofan á Könnu er þykk grasþekja sem hýsir mergð sjófugla sem með driti sínu tryggja góða sprettu. Skemmtilegt er að skoða Könnu beggja vegna Furufjarðarnúps, en til þess þarf að sæta sjávarföllum því á flóði nær sjór upp að klettum sem fara verður fram hjá. Þetta magnar upplifunina líkt og falleg fjaran og umhverfið allt.

Þegar komið er austur fyrir Kerlingu og horft er í átt að Könnu sést að hún líkist helst risastórum fíl með myndarlegan rana. Þeim sem fyrr á öldum gáfu drangnum nafnið Kanna er þó fyrirgefið enda ósennilegt að þeir hafi nokkurn tíma heyrt talað um, hvað þá séð, skepnuna fíl, nema þá auðvitað sjófuglinn fýl (múkka) sem haldið getur til á kolli Könnu. Hægt er að komast að Könnu gangandi frá Hornbjargsvita á tveimur dögum, sem er stórkostleg gönguleið. Þaðan má síðan ganga áfram suður í Reykjarfjörð nyrðri á einum degi eða bæta við nokkrum göngudögum og halda alla leið suður í Ófeigsfjörð. Annar valkostur og fljótlegri er að taka bát frá Norðurfirði í Reykjarfjörð nyrðri og ganga þaðan yfir í Þaralátursfjörð og áfram út að Könnu. Það má gera í langri dagsferð ef haldið er aftur sömu leið til baka en við mælum með göngu áfram í Furufjörð að Hornbjargsvita, eða að halda yfir Skorarheiði í Hrafnfjörð.



Fókus á hjarta landsins



**Það verður að sæta sjávarföllum til að komast leiðar sinnar en Kanna stendur yst á Furufjarðarnúpi.**



**Kanna séð úr vestri en falleg fjaran og fuglalíf magna upp stemninguna.**

bauhaus.is

# BAUHAUS®

## Mikið úrval akrýldýra á frábæru verði og margar stærðir!




**Liggjandi einhyrningur úr akrýlefni**
Með 60 hvítar LED-perur. 26 x 43 x 40 cm.
IP44-vottaður til notkunar utanhúss.




**Smáfuglar, úr akrýlefni**
5 stk. Með 40 hvítum LED-perum. Hæð 11,5 cm.
IP44-vottaðir til notkunar utandyra.




**Úlfur úr akrýlefni**
Með 200 hvítum LED-perum. 83 x 20 x 67 cm.
IP44-vottaður til notkunar utanhúss.

# JÓLALANDIÐ ER Í BAUHAUS!




**Mýs úr akrýlefni**
5 stk. Með 40 hvítum LED-perum. Hæð 6 cm.
IP44-vottuð til notkunar utanhúss




**Snjókarl og jólasveinn, úr akrýlefni**
Með 80 hvítum LED-perum. 40 x 17 x 39 cm.
IP44-vottaðir til notkunar utanhúss.



**Svanur úr akrýlefni**
Með 80 hlýlega hvítum LED-perum. 49 x 27 x 40 cm. IP44-vottaður til notkunar utanhúss.
150 LED-perur 67 x 34 x 55 cm.........................27.995.-

**15.995.-**

**Fuglahús með fugli, úr akrýlefni**
Með 20 hvítum LED-perum. 23 x 23 x 26 cm. IP44-vottað til notkunar utanhúss.




## MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

## OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Samstarfið



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þegar stofnað var til núverandi ríkisstjórnarsamstarfs voru ekki aðrir skynsamlegri kostir í boði. Vitað var að þetta samstarf yrði áhættusamt fyrir Vinstri græna en flokksmenn bitu á jaxlinn. Þeim fannst ýmislegt á sig leggjandi til að formaður þeirra yrði forsætisráðherra og Katrín Jakobsdóttir hefur staðið sig með mikilli prýði í því embætti. Það er þó orðið deginum ljósara að þessi ríkisstjórn er einnota. Henni verður kastað í næstu kosningum. Þetta hljóta Vinstri grænir að vita og helsta áhyggjuefni þeirra hlýtur að vera hversu mikið þetta ríkisstjórnarsamstarf hefur skaðað þá.

Á bjartsýnisdögum sínum á velmeinandi fólk sem ekki styður Sjálfstæðisflokkinn það til að hugsa sem svo að þessi stærsti flokkur landsins sé ekkert svo slæmur. Það er til dæmis fínt að trúa á frjálst framtak einstaklingsins meðan viðkomandi er ekki að svína á öðrum. Það er líka allt í lagi að einhverjir auðgist meir en aðrir meðan þeir skila sínu til samfélagsins en eru ekki að skjóta gróðanum undan. „Það má alveg vinna með þessum flokki eins og öðrum,“ hugsar bjartsýnismaðurinn. En það bregst vart að þegar þessi hugsun er farin að hreiðra um sig, gera og segja forystumenn Sjálfstæðisflokksins hluti sem ekki er hægt að sætta sig við.

Hið skelfilega Samherjamál kom upp og formaður Sjálfstæðisflokksins lét hafa eftir sér í erlendu blaði að í því máli væri spilltum stjórnvöldum í Namibíu hugsanlega um að kenna. Rétt eins og Samherjamenn hafi ekki átt annan kost en að ganga inn í spillt kerfi og vinna innan þess þar sem það sé eiginlega eina leiðin til að geta grætt í landi eins og Namibíu. Þannig gerast nú bara kaupin á eyrinni, hugsar frjálshyggjufólkið í Sjálfstæðisflokknum, sem lítur svo á að gróði sé alltaf góður.

Formaður Samfylkingarinnar, Logi Einarsson, ákvað að forvitnast á þingi um skoðun forsætisráðherra á þessum orðum fjármálaráðherra landsins. Forsætisráðherra svaraði spurningu hans ekki beint. En það er ómögulegt annað en að ætla að Katrínu Jakobsdóttur hafi verið brugðið vegna þess viðhorfs sem opinberaðist í orðum manns sem hún ákvað á sínum tíma að ganga til samstarfs við. Það getur heldur ekki verið að henni þyki eðlilegt að sjávarútvegsráðherra landsins, Kristján Þór Júlíusson, sitji sem fastast á ráðherrastóli, þrátt fyrir að vera tengdur Samherja ofur sterkum böndum.

Allir vita að Vinstri grænir hefðu í stjórnarandstöðu gagnrýnt Bjarna Benediktsson af sömu hörku og Samfylkingin vegna orða hans og jafnframt þrumað að sjávarútvegsráðherra yrði að stíga til hliðar. Flokksforysta Vinstri grænna gerir það vitanlega ekki, hún ætlar sér að þrauka í ríkisstjórnarsamstarfi sem er orðið þrúgandi fyrir flokkinn. Hinir almennu flokksmenn hljóta að vera miður sín. Skiljanlega.

Það blasir við að þetta ríkisstjórnarsamstarf er lýjandi fyrir flokkinn og dregur úr honum þrótt og kjark. Fjölmargir kjósendur hans eru farnir að líta í aðrar áttir.

**Það blasir við að þetta ríkisstjórnarsamstarf er lýjandi fyrir flokkinn.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Mannasættir óskast**
**Enn einn stólaleikurinn er hafinn, nú um stól ríkissáttasemjara. Bryndís Hlöðversdóttir hverfur á braut um áramótin og verður enn merkilegri embættismaður en áður. Viðkomandi þarf að fylla stórt skarð enda er mikið að gera í húsakynnum sáttasemjara. Það er einn augljós valkostur á lausu, það er mannasættirinn Ólína Þorvarðardóttir.**

**Mjög gagnlegt**
**Ríkisútvarpið hefur aldrei haft það opinbera hlutverk að stuðla að læsi þjóðarinnar. Þvert á móti tryggir RÚV að ólæsir landsmenn eigi greiðan aðgang að upplýsingum í útvarpi og sjónvarpi. Það er hins vegar áhyggjuefni að ólæsir einstaklingar sjái um að stjórna batteríinu. Síðustu sex ár hefur staðið í lögum: „Ríkisútvarpið skal stofna og reka dótturfélög.“ Þessa stafasúpu hefur engum í stjórninni tekist að leysa á öllum þessum tíma. Ráðuneytið kann hins vegar að lesa og var fljótt að átta sig á að ráða sama spunameistara og LÍN. Var fyrirsögnin „Gagnleg úttekt Ríkisendurskoðunar á rekstri Ríkisútvarpsins“. Fyrsta niðurstaðan er að fara þurfi að lögum. Mjög gagnlegt.**

bjornth@frettabladid.is

## Barnaþingið mun valda straumhvörfum



Salvör Nordal
umboðsmaður barna

Í dag verður fyrsta barnaþingið sett í Hörpu með sérstakri hátíðardagskrá. Á þinginu verða börn í aðalhlutverki, fulltrúar úr ráðgjafarhópi umboðsmanns barna munu sjá um fundarstjórn á hátíðardagskránni í dag og hópur barna sem valinn var með slembivali úr þjóðskrá mun leiða umræður um þau málefni sem á þeim brenna á þingi barna á morgun. Verndari barnaþings er frú Vigdís Finnbogadóttir og verður hún viðstödd hátíðardagskrá og setningu þingsins.

Barnaþingið er skipulagt af umboðsmanni barna en á síðasta ári samþykkti Alþingi breytingar á lögum um umboðsmann barna þar sem kveðið var á um að umboðsmaður barna boði annað hvert ár til barnaþings þar sem farið verði yfir stöðu og þróun í málefnum barna á helstu sviðum samfélagsins en gert er ráð fyrir því að niðurstöður þingsins verði kynntar ríkisstjórn og hlutaðeigandi ráðherrum. Það er embættinu mikill heiður að fá að standa að svo metnaðarfullu verkefni sem án efa mun valda straumhvörfum í samráði við börn hér á landi. Embættið vinnur einnig að tillögum að aðgerðaráætlun um samráð við börn fyrir ríkisstjórnina, samkvæmt samningi við félags- og barnamálaráðherra, og mun barnaþingið verða mikilvægur þáttur í samráði við börn á komandi árum.

Í gær var haldið upp á þrjátíu ára afmæli Barnasáttmálans með margvíslegu móti, meðal annars héldu margir grunnskólar lýðræðisþing nemenda. Þetta er afar jákvæð þróun en innleiðing Barnasáttmálans gerir kröfu um aukna samfélagslega þátttöku barna og aðild þeirra að ákvarðanatöku í nærsamfélagi þeirra.

Áhersla Barnasáttmálans á þátttöku barna er eitt mikilvægasta framlag hans til að valdeflingar barna. Segja má að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um mótun sérstakrar aðgerðaráætlunar um þátttöku barna og ákvörðun Alþingis um að halda skuli barnaþing annað hvert ár með þátttöku barnanna sjálfra, sé ein mikilvægasta gjöf þeirra til íslenskra barna, nú þegar því er fagnað að 30 ár eru liðin frá því að Barnasáttmálinn var samþykktur.

**Áhersla Barnasáttmálans á þátttöku barna er eitt mikilvægasta framlag hans til að valdeflingar barna.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*,
**MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Um vísitölubjaga, raunvaxtabjaga og þekkingarbjaga



Örn Karlsson
vélaverk fræðingur

Það er harmþrungið að sjá það skilnings- og þekkingarleysi sem einkennir alla umræðu um verðtryggingu. Þetta skilningsleysi blasir við í aðfararorðum forsætisráðuneytis við skipun nefndar sem skoða á aðferðafræði við útreikning vísitölu neysluverðs í tengslum við verðtryggingu. Þar segir:

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar um markviss skref til afnáms verðtryggingar frá 3. apríl 2019, hefur forsætisráðherra skipað nefnd um aðferðafræði við útreikning vísitölu neysluverðs. Verkefni nefndarinnar er að skoða aðferðafræði við útreikning vísitölu neysluverðs út frá alþjóðlegum samanburði og leita álits erlendra sérfræðinga. Meðal annars verði aðferðafræði við húsnæðislið vísitölunnar tekin til athugunar auk svokallaðs vísitölubjaga.

**Hvað er verðtrygging?**

Samkvæmt umsögn með Ólafslögum er tilgangur verðtryggingar að koma í veg fyrir eignatilfærslur knúnar fram af verðbólgu. Samkvæmt umsögn með núverandi lögum á verðtryggingin að leiðrétta fyrir rýrnun gjaldmiðilsins.

Skilgreiningin og tilgangurinn er því skýr og bundinn í lögin um verðtryggingu.

**Epli og appelsínur**

Mikilvægt er að allir sem fjalla um verðtryggingu geri sér grein fyrir að ef rýrnun gjaldmiðils er appelsína þá er breyting á vísitölu neysluverðs epli. Rýrnun gjaldmiðils á vinnusvæði sínu eða lækkun innra virðis hans er hér um bil aldrei jöfn hækkun vísitölu neysluverðs! Þótt vísitala neysluverðs sé fullkomlega reiknuð út án vísitölubjaga er breyting hennar ekki jöfn breytingum á innra virði gjaldmiðilsins. Þetta er einfaldlega staðreynd samkvæmt skilgreiningu. Það verður ekki fyrr en þessi staðreynd rennur upp fyrir samfélaginu að við getum tekið örugg skref í rétta átt.

**Klassísk hagfræði**

Hagfræðingurinn, frumkvöðullinn og hugsuðurinn Carl Menger innleiddi hugtökin um innra og ytra virði hluta. Stóri misskilningurinn sem umvefur framkvæmd verðtryggingarinnar og alla umræðu um hana er að ekki er gerður greinarmunur á breytingum á innra og ytra virði krónunnar okkar. Tökum dæmi til að skilja hver eðlismunurinn er: Við erum stödd í byrjun september og óvenjulega harður frostakafli umlykur Þykkvabæinn. Uppskeran á kartöflum bregst þetta árið. Fyrir jólin fer að bera á kartöfluskorti. Við þessi atvik rýkur verðið á kartöflum upp. Af því að kartöflur eru í körfu vísitölu neysluverðs hækkar hún. Þá er spurningin með krónuna okkar, hefur hún rýrnað að sama skapi? Svarið er nei. Krónan getur áfram keypt jafnmörg lambalæri, jafnmargar pulsur, jafnmarga dollara o.s.frv. Séu hugtök Mengers notuð þá hefur ytra virði krónunnar lækkað en innra virðið staðið í stað í dæminu okkar.

Vísitala neysluverðs mælir breytingar á ytra virði krónunnar en það eru breytingar á innra virði hennar sem skipta máli sem viðmið ef koma á í veg fyrir eignatilfærslur með verðtryggingu.

Í dæminu hér að ofan hækkaði vísitala neysluverðs og þar með allir verðtryggðir lánasamningar. Þeir hækkuðu þrátt fyrir að krónan héldi styrk sínum. Þeir hækkuðu því að raungildi.

Með þessum hugleiðingum sjáum við strax fleiri brotalamir í umræðunni um hagræn málefni. Raunreikningar, þ.e. raunvextir o.s.frv. eiga samkvæmt klassískri hagfræði að taka mið af breytingum á innra virði krónunnar en ekki ytra virðinu eins og nú er gert. Þetta á einnig við um verðbólgu. Samkvæmt klassískri hagfræði er verðbólga það náttúrulega fyrirbæri þegar hagkerfi ryðja sig og innra virði gjaldmiðilsins lagar sig að raunhagkerfinu í samræmi við peningamagnið. Í nútíma er gjarnan reynt að mæla þessa hreyfingu á innra virðinu með vísitölu undirliggjandi verðbólgu. Við Íslendingar höfum enn sem komið er ekki náð tökum á slíkum mælingum eða þeirri hugmyndafræði sem að baki liggur.

**Að greina milli breytinga á innra og ytra virði krónunnar?**

Á einhverjum þröngum tímabilum skiptir það litlu máli, þá ganga breytingar á innra og ytra virðinu nálægt takti af því að lítið er um atvik sem hreyfa raunvirði einstakara vara og vöruflokka. En þetta er eins og með veðrið, stormurinn skellur á með litlum fyrirvara. Slíkan storm fengum við í fangið um áramótin 2003/2004. Þá hófst nokkurra ára tímabil stórkostlegrar gliðnunar milli breytinga á innra og ytra virði krónunnar. Tveir vöruflokkar með mestu vægin í vísitölu neysluverðs tóku stökk svo að segja samtímis. Olía á heimsmarkaði margfaldaðist í verði og húsnæði tvöfaldaðist. Þetta voru raunhækkanir vegna atvika óháðum peningum.

Vegna þess að við sem samfélag greindum engan mun á innra virði og ytra virði krónunnar gerðum við tvennt til stórkostlegs skaða. Í annan stað urðu allir raunreikningar kolvitlausir. Við vanmátum raunvexti og í fátinu keyrðum við stýrivexti upp og riðluðum með því svo að segja öllum parametrum fjármálalegs stöðugleika. Og hins vegar mokuðust raunverulegar eignir almennings til fjármálastofnana með raunhækkun veðbandskrafna í gegnum verðtrygginguna. Verðtryggingin kom ekki í veg fyrir eignatilfærslur á þessu tímabili, hún skóp eignatilfærslur þvert á tilgang laga um verðtryggingu.

Lauslega reiknað voru meira en 70% af breytingum vísitölunnar á löngum tímabilum vegna raunbreytinga á verðum þessara tveggja vöruflokka. Ólögleg eignaupptakan í gegnum verðtrygginguna var a.m.k. 200 þúsund milljón krónur á verðlagi þess tíma. Skilningsleysið hrakti okkur að hruni.

Ef vísitala neysluverðs hefði verið rétt reiknuð án vísitölubjaga á þessum árum þá hefði það engu breytt um niðurstöðuna. Vísitölubjagi er talinn vera 0,3 til 1%, þ.e. útreiknuð vísitala er talin vera með þetta frávik frá því að mæla rétta breytingu á neysluútgjöldum meðalmanns á gefnu tímabili. Vísitalan reiknuð án skekkju hefði gefið álíka ranga mynd af breytingum á innra virði krónunnar á ofangreindu tímabili. Epli og appelsínur verða alltaf ólíkir ávextir jafnvel þótt eplið sé gljáfægt.

# Einfaldara líf borgarbúa



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
oddviti Viðreisnar og formaður borgarráðs

Meirihlutinn í Reykjavíkurborg er sammála um að einfalda líf fjölskyldna í borginni. Við í Viðreisn lofuðum fyrir síðustu kosningar að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og nú hefur fjármagn til þess verið tryggt. Við vitum hversu mikið forgangsefni það er fyrir foreldra að geta treyst á leikskóla borgarinnar og þurfa ekki að standa í alls kyns reddingum fyrstu mánuði eftir að fæðingarorlofi lýkur til að geta snúið aftur til vinnu eða jafnvel að þurfa að fresta því að snúa aftur til vinnu vegna þess að bilið er ekki brúað og daggæsla fæst ekki.

Við höfum lofað að fjölga leikskólarýmum á næstu fjórum árum um 700-750 pláss. Áætlun um að bjóða öllum börnum, 12 mánaða og eldri, leikskólavist fyrir lok árs 2023, gengur vel. Fjárhagsáætlun meirihlutans gerir ráð fyrir 2,7 milljarða fjárfestingu til að byggja leikskóla og endurgera leikskólalóðir. Við ætlum að byggja nýja leikskóla við Kirkjusand, við Njálsgötu, við Vogabyggð og í Skerjafirði. Með þessum byggingum bætast við 396 dagvistunarpláss. Þá verða viðbyggingar reistar við a.m.k. fimm leikskóla þar sem mikil eftirspurn er eftir rýmum og mun árið 2020 og 2021 bætast við pláss fyrir 137 börn. Þegar hafa nýjar leikskóladeildir verið opnaðar í færanlegu húsnæði á þessu ári.

Við tryggjum sumaropnun leikskóla í öllum hverfum til að mæta fjölbreyttum þörfum fjölskyldna. Þetta verkefni hófst nú síðasta sumar með tilraunaverkefni sem nú verður haldið áfram með.

> **Við eigum að mæta þörfum borgarbúa, fækka skrefum og stytta bið. Við eigum að einfalda líf íbúa og fyrirtækja. Þess vegna ætlum við að taka stór skref í tæknilausnum til hægðarauka fyrir íbúa og fyrirtæki í borginni.**

Við erum að einfalda lífið fyrir fjölskyldur í borginni og einfalda þjónustuna.

Við erum sammála um að fækka þeim skrefum sem þarf að taka til að fá góða þjónustu borgarinnar. Þess vegna ætlar meirihlutinn í fjárhagsáætlun sinni að forgangsraða fjármunum í að rafvæða umsóknir til að þú takir styttri tíma og færri skref til að sækja um og það taki styttri tíma að vinna úr þeim umsóknum.

Nú þegar er búið að taka upp rafrænar lausnir til að sækja um fjárhagsaðstoð og þjónustu ferðaþjónustu fatlaðra. Umsóknarferlið orðið mun einfaldara fyrir notandann og afgreiðslutími slíkra umsókna um fjárhagsaðstoð hefur styst úr að meðaltali átta dögum í 24 klukkustundir.

Við viljum ganga lengra í rafrænni þjónustu fyrir íbúa og fyrirtæki, einfalda alla ferla fyrir notendur og gera þá skilvirkari. Því er lagt hér til að leggja heilmikla fjármuni í ný upplýsingakerfi.

Við erum að betrumbæta þjónustu Reykjavíkurborg með þarfir notandans í forgrunni. Lykilatriðið er að setja sig í spor borgarbúa og fyrirtækja til að leysa þau vandamál sem upp koma, til að gera reynslu íbúa og fyrirtækja í Reykjavík af þjónustu borgarinnar ánægjulegri.

Samfélagið sem við búum í er síbreytilegt og í stöðugri þróun. Tækninni fleygir fram, aðgengi að upplýsingum eykst, örar breytingar verða á framboði og eftirspurn þjónustu og þannig mætti lengi telja. Tækniþróunin hefur m.a. hjálpað okkur að panta pitsu og fylgjast með hvernig hún kemur til okkar. Fækkað flækjustigum við að fá greiðslumat fyrir íbúðaláni og að rata í útlöndum með aðstoð símans.

Þetta eru dæmi um þjónustu sem hefur breyst gríðarlega á síðustu árum. Ekkert hefði gerst ef ekki væri fyrir meðvitaðar ákvarðanir um að leggja upp í vegferð til að auka þjónustu. Slíka meðvitaða ákvörðun hefur Reykjavíkurborg tekið. Við eigum að leggja áherslu á góða og rafræna þjónustu af því að við höfum metnað til að vera leiðandi í þróun rafrænna lausna og viljum skýr þjónustuviðmið.

Við eigum að mæta þörfum borgarbúa, fækka skrefum og stytta bið. Við eigum að einfalda líf íbúa og fyrirtækja. Þess vegna ætlum við að taka stór skref í tæknilausnum til hægðarauka fyrir íbúa og fyrirtæki í borginni.

BRIM

## HLUTHAFAFUNDUR

**Hluthafafundur Brims hf. verður haldinn fimmtudaginn 12. desember 2019 í matsal félagsins að Norðurgarði 1, 101 Reykjavík og hefst hann klukkan 17:00. Fundurinn fer fram á íslensku.**

### DAGSKRÁ

1. **Tillaga um að staðfesta ákvörðun stjórnar um kaup félagsins á öllu hlutafé í sjávarútvegsfyrirtækjunum, Fiskvinnslunni Kambi hf. og Grábrók ehf.**
2. **Önnur mál.**

**AÐRAR UPPLÝSINGAR**

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar á netfangið **hluthafafundur@brim.is** með það löngum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en kl. 17:00 mánudaginn 2. desember 2019, þ.e. 10 dögum fyrir fundinn.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta:

a) veitt öðrum skriflegt umboð
b) greitt atkvæði skriflega

Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Dagskrá, tillögur og öll skjöl sem lögð verða fyrir fundinn eru hluthöfum tiltæk á íslensku, á heimasíðu félagsins og á skrifstofu félagsins á venjulegum skrifstofutíma. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.

Allar nánari upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu félagsins **www.brim.is**

**Stjórn Brims hf.**

# Rangfærslur Miðbæjarfélagsins um göngugötur



**Páll Tómas Finnsson**
upplýsingaráðgjafi og áhugamaður um vistvænar borgir



Lokanir gatna í miðborginni og fyrirhuguð breyting Laugavegar, Bankastrætis og hluta Skólavörðustígs í göngugötur hafa verið mikið til umræðu síðustu mánuði. Þar hefur hið svokallaða Miðbæjarfélag, sem titlar sig málsvara atvinnustarfsemi og eigenda atvinnuhúsnæðis í miðbænum, haft sig mikið í frammi. Talsmaður Miðbæjarfélagsins, Gunnar Gunnarsson, hefur meðal annars sagt að borgarstjóri og „fylgifiskar hans“ vilji ekki horfast í augu við sannleikann, og sakað Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur, oddvita Viðreisnar í borgarstjórn, um lygar.

Í gagnrýni sinni á fyrirætlanir Reykjavíkurborgar hefur félagið vísað í undirskriftalista gegn lokunum gatna með undirskriftum 247 rekstraraðila í miðborginni. Talsmaður félagsins hefur haldið fram í fjölmiðlum að 92% rekstraraðila á Laugavegi, Bankastræti og Skólavörðustíg hafi skrifað undir, og að hjá þeim starfi 1.870 manns, samkvæmt þeim tölum sem fyrirtækin gefa upp á listanum. Ekkert af þessu stenst nánari skoðun.

Söfnun undirskrifta hófst haustið 2018 og var listinn afhentur borgarstjóra í mars 2019. Nýlega birtist svo auglýsing í Morgunblaðinu, þar sem fyrirtækin voru sögð á móti lokunum gatna í miðborginni. Í kjölfarið hafa komið fram rekstraraðilar sem eru ósáttir við að nöfn fyrirtækja þeirra séu notuð í þessu samhengi – að þau hafi skrifað undir á allt öðrum forsendum á sínum tíma.

Á listanum eru 246 undirskriftir frá 212 manns. Um er að ræða 35 einstaklinga sem ekki eru skráðir í fyrirtækjaskrá, 40 sem skráðir eru sem einstaklingar í atvinnurekstri, og 171 undirskrift frá fyrirtækjum sem skráð eru á 142 fyrirtækjakennitölur.

Við nánari skoðun kemur hins vegar í ljós að tíu rekstraraðilar skrifa tvisvar undir, þar af þrír sem voru strikaðir út áður en listinn var afhentur borgarstjóra. Mistök, gæti einhver sagt, en það vekur ákveðna athygli að einn þeirra sem skrifa tvisvar undir er stjórnarmaður í Miðbæjarfélaginu. Tveir aðilar hafa aldrei verið með rekstur á því heimilisfangi sem forsvarsmenn listans tengja þá við, átta eru hættir rekstri og að minnsta kosti 18 eru fluttir af svæðinu. Minnst tíu aðilar hafa lýst því yfir að þeir séu ósáttir við að vera á listanum eða í vafa um hvort þeir myndu skrifa undir í dag.

Sé litið á staðsetningu fyrirtækjanna kemur í ljós að mörg þeirra eru utan þess svæðis sem breyta á í göngugötu. Vissulega munu breytingarnar hafa einhver áhrif á fyrirtæki í næsta nágrenni svæðisins, en hins vegar er erfitt að sjá að þær breyti nokkru um aðgengi að bókaverslun og veitingastað í Austurstræti, hársnyrtistofum í Bergstaðastræti, dýralæknastofu efst á Skólavörðustíg eða fyrirtækjum við Lækjargötu, Hafnarstræti, Hverfisgötu og Freyjugötu. Allt eru þetta dæmi af lista Miðbæjarfélagsins.

Fjölmörg fyrirtæki birtast oftar en einu sinni á listanum. Til dæmis eru 46 undirskriftir, rétt um 20% allra undirskrifta, frá sjálfstætt starfandi listamönnum og hönnuðum á sex stöðum. Tólf þeirra eru frá einu listagalleríi á Laugavegi og samtals sextán frá tveimur fyrirtækjum á Skólavörðustíg, galleríi og hönnunarbúð. 26 undirskriftir, yfir 10%, eru frá hárskerum og hársnyrtistofum. Þar af er 21 frá einyrkjum sem í mörgum tilfellum starfa fleiri saman á stofu. Sem dæmi má nefna að fjórir hárskerar á hársnyrtistofu sem nýlega flutti af Skólavörðustíg skrifa undir listann, og 15 undirskriftanna eru frá aðilum sem starfa á fimm stofum, þrír og þrír saman.

**Ég er sjálfur hlynntur því að Laugavegi, Bankastræti og Skólavörðustíg verði breytt í göngugötur og tel að það verði til heilla fyrir bæði miðborgina og þá sem þar starfa.**

Það skal tekið fram að ég ber mikla virðingu fyrir fólki í sjálfstæðum atvinnurekstri, og gagnrýni mín snýr alls ekki að þeim. Hins vegar er augljóst að framsetning Miðbæjarfélagsins er öll til þess gerð að ýkja andstöðuna gegn lokunum gatna í miðbænum.

Talan sem Miðbæjarfélagið hefur haldið á lofti varðandi starfsmannafjölda virðist vera algjörlega úr lausu lofti gripin. Hún er í raun mun hærri en sú tala sem kemur út séu allar upplýsingar um starfsmannafjölda lagðar saman – þar með talið þau fyrirtæki sem eru oft á listanum, telja sig ekki eiga þar heima, eru flutt, hætt rekstri eða staðsett utan þess svæðis sem um ræðir.

Það sama á við um fullyrðinguna um að 92% rekstraraðila á Laugavegi, Bankastræti og Skólavörðustíg mótmæli lokunum gatna á svæðinu. Fyrirtækin sem skrifa undir í þessum þremur götum eru 121, sé hverju þeirra gefið eitt atkvæði og að frátöldum þeim sem ekki ættu að vera á listanum að ofantöldum ástæðum.

Samkvæmt talningu sem Rannsóknarsetur verslunarinnar framkvæmdi í júní 2019 eru útsölustaðir verslunar og þjónustu í þessum götum 289 talsins, sem er fjölgun um níu frá árinu 2015. Skrifstofuhúsnæði og fasteignafélög eru þar ekki talin með, en átta slík fyrirtæki á svæðinu eru á lista Miðbæjarfélagsins.

Niðurstaðan er því sú að af 289 útsölustöðum verslunar og þjónustu við Laugaveg, Bankastræti og Skólavörðustíg eru 113 á undirskriftalistanum. Það eru því ekki 92% fyrirtækja í þessum götum sem skrifa undir listann, heldur að hámarki 39%. Það er því augljóst að Miðbæjarfélaginu gengur eitthvað annað til en að stuðla að upplýstri og málefnalegri umræðu um göngugötur í Reykjavík.

Ég er sjálfur hlynntur því að Laugavegi, Bankastræti og Skólavörðustíg verði breytt í göngugötur og tel að það verði til heilla fyrir bæði miðborgina og þá sem þar starfa. Að sjálfsögðu er mikilvægt að taka tillit til sjónarmiða rekstraraðila og eiga við þá gott samráð um breytingarnar. Hins vegar er afleitt að umræðan byggist á úreltum undirskriftalistum og misvísandi upplýsingum eins og þeim sem Miðbæjarfélagið hefur ítrekað sett fram. Það er óneitanlega hæpið að þeir sem halda uppi slíkum málflutningi geti útnefnt sjálfa sig boðbera sannleikans og kallað annað fólk lygara.

# Réttlæti eða réttlæting?



**Þröstur Ólafsson**

Það bæri vott um mikla samfélagslega blindu eða meðvitaða missýn að draga í efa eða neita frelsandi áhrifum MeToo hreyfingarinnar á jafnréttisstöðu kvenna. Án hennar væri margur dóninn enn heiðursmaður. Þegar konur koma opinberlega fram undir nafni og segja frá stað og stund, ber það vott um ábyrgð og kjark, þá getur málið fengið framgang innan réttarríkisins. Nafnleysið er andhverfa þess. Yfirlýsingar nafnleysingja liggja áfram í loftinu, án þess að meintur gerandi geti borið hönd fyrir höfuð sér. Hann er réttlaus. Oft hefur verið á það bent hve varhugavert sú aðferð sé, að ásaka einhvern um alvarlega hegðun úr skjóli nafnleyndar. Sú aðferð minnir á leyniskyttur sem skjóta á varnarlausa. Mannfólkið er missterkt siðferðislega. Sumir telja sig hafa rétt til að ná sér hressilega niður á annarri persónu eða til að koma voðaorði á einstakling. Í slíkum tilfellum er upplagt að gera það án þess að hægt sé að persónugreina ákæranda. Þá er sú aðferð alþekkt og var (er?) stunduð af alúð af íslenskum fjölmiðlum, að birta óhróður og jafnvel níð undir nafnleynd. Nafnleyndin hefur þá miklu kosti, að sá sem ber óhróður um náungann eða ber hann sökum um óviðurkvæmilega hegðun, ber enga ábyrgð á framburði sínum eða skrifum. Þetta er íslenska aðferðin. Víðast hvar erlendis virðist mér nafnleysið vera undantekning.

**Nafnleyndin**

Það er nafnleyndin sem gerir þessa aðferð femínista svo siðferðislega brenglaða, því nafnleysinginn firrir sig ábyrgð á sannleiksgildinu. Hann er ekki til, nema sem getgáta. Manneskja er borin sök, sá sem það gerir þarf ekki að sýna mikla tilburði til að færa sönnur á atburðinn. Hvernig er hægt að verjast ákæru þar sem kærandinn er án nafnnúmers eða hulinn búrku? Það er kallað réttleysi. Ásökunin er ekki borin fram í dómsal heldur eins og illmælgi, sem er dreift í gegnum samherja í fjölmiðlum. Það má draga af því þá ályktun, að aðalatriðið sé að ræna viðkomandi ærunni, gera hann útlægan úr mannlegu samfélagi. Af þeim dæmum sem birst hafa í fjölmiðlum og sem miða að fordæmingu og ærumissi, er ógerningur að sannreyna atburðarás. Grunaður maður í morðmáli fengi ekki slíka útreið. Aftökur úr launsátri eru þekktar en að sama skapi ekki rómaðar. Skyldi hugsunin að baki óhæfu nafnleyndarinnar vera gamla illkynjaða slagorðið: Tilgangurinn helgar meðalið?

**Mannfólkið er missterkt siðferðislega. Sumir telja sig hafa rétt til að ná sér hressilega niður á annarri persónu eða til að koma voðaorði á einstakling. Í slíkum tilfellum er upplagt að gera það án þess að hægt sé að persónugreina ákæranda.**

**Fælingarmáttur**

Auk glæpagengja hafa margir stjórnmálamenn, sem reisa stefnu sína og athafnir á trúræðni sannfæringu, nýtt sér „tilganginn“ til að réttlæta óhæfuverk sín. Tilgangurinn er í þeirra augum svo heilagur að allt var leyfilegt – einnig aftökur. Samviskulausir einræðisherrar hafa gert þetta að megin siðferðisreglu sinni. Bæði kommúnisminn og fasisminn sem og fjölmörg öfgasamtök hafa gert þetta heilræði að kjörorði sínu. Réttlæting óhæfunnar var fólgin í því, að viðkomandi hreyfing vildi hefna fyrir þau „glæpaverk“ sem beitt var gegn þeim sem voru í svipaðri stöðu fyrr á öldum. Í því fælist hreinsunarmáttur fyrir samfélagið. Jafnframt átti fordæmið að hafa fælingarmátt gagnvart verðandi kúgurum. Engar aðferðir gengu of langt til að stöðva áratuga ánauð arðræningja og kúgara á undirokuðum. Flestar pólitískar hreinsunar- og hefndarstefnur beittu þess konar réttlætingu. Óhæfuverkin voru endurgjald fyrir kúgun fortíðar. Aldalöng kúgun konunnar er einnig sögð réttlæta nafnleyndina. Vonandi er ekki að renna upp nýtt skeið hefndarréttlætinga.

**Vernd meintra fórnarlamba**

Okkar örsmáa íslenska samfélag hefur á liðnum misserum mátt fylgjast með nafnlausum aðförum að nafngreindum einstaklingum. Kunnum leikara var fyrirvaralaust vikið úr starfi. Þjóðþekktur stjórnmálamaður „brenndur á báli“ víðtækrar fordæmingar. Sumum atgöngum hefur verið stýrt af duldum einstaklingum. Fámenn samfélög eru mun viðkvæmari fyrir slíkum vinnubrögðum en fjölmenn. Nafnleysið hefur verið réttlætt með nauðsyn á vernd. Það er ekki sannfærandi, ekki hvað síst þegar um marga meinta brotaþola er að ræða. Þessi mál eiga lítið sameiginlegt með uppljóstrurum, sem komist hafa yfir mikilvæg leynigögn sem skipta almenning máli. Því betur er nafnlaus framburður ekki tekinn gildur þegar réttarríkið fær að virka, nema í sérstökum réttarlega samþykktum tilfellum. Réttarkerfið tekur ekki mark á ásökunum sem kunna að vera uppspuni einnar manneskju. Það er sjaldan síðasta úrræði fólks að ljúga til um staðreyndir, hvort heldur sem eru konur eða karlar. Það er því að sumra mati siðleysi að dæma einstaklinga til opinberrar aftöku á grunni hulinna heilinda.

**Meðalhófið**

Skyldi mælikvarði meðalhófs vera hafður í heiðri þegar meintir misgjörðamenn eru dæmdir af dómstóli götunnar? Eru kynferðisleg áreitni og káf svo alvarlegir glæpir að um þá gildi ekkert meðalhóf? Er það eins með fyrrnefndan ágang og meinsemi eins og morð, að þau fyrnist aldrei? Skyldi slíkt réttarfar mega kallast réttlátt? Hér er ekki verið að fjalla um íslenskt réttarfar, heldur dómstól götunnar, sem kallaður hefur verið til. Sá dómstóll fær ekkert að vita um misgjörðirnar annað en að þær hafi verið alvarlegar. Þó að ekki sé um nauðgunartilraun eða þaðan af verra að ræða. Áreitni er hvimleið og lítt verjandi, þó ekki þurfi hún endilega að valda viðkomandi miklum varanlegum eftirköstum. Hún er bæði huglæg og hlutlæg, því mælikvarðinn er líka einstaklingsbundinn. Dómur almennings sem meintur misgjörðamaðurinn fær, gerir þar engan greinarmun. Hann er kategórískur. Á myrkum miðöldum Íslandssögunnar voru snærisþjófar dæmdir til Brimarhólms og konum drekkt fyrir meint framhjáhald. Það þykja okkur sem nú lifum óréttlátir, ofstopa- og kúgunarfullir dómar. Á okkar tíð verður dómi götunnar ekki áfrýjað. Refsingin er einföld og grimm. Útlegð úr mannlegu samfélagi – opinber aftaka.

# Fólk

## Tíska

FIMMTUDAGUR 21. NÓVEMBER 2019



Björk Guðmundsdóttir á engan sinn líka þegar kemur að tísku og listsköpun í víðri veröld og hlaut á dögunum þakkir fyrir framlag sitt frá tískubiblíunni Vogue. →4

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.






Fanney Dóra elskar svört föt sem hún poppar gjarnan upp með skartgripum eða flottu hárbandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Dreymdi um að klæða sig eins og hún vildi

Fanney Dóra Veigarsdóttir er förðunarfræðingur, samfélagsmiðlastjarna, bloggari og leikskólakennaranemi. Hún hefur lengi haft áhuga á tísku og segir stórar stelpur ekki þurfa að fela sig, þær megi tjá sig og vera áberandi. →2




**Fanney Dóra elskar sportleg föt sem hún klæðir gjarnan upp með leðurjakka.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þegar Fanney var yngri langaði hana að vera fatahönnuður. Hún áttaði sig svo á því að það væri erfitt fyrir stelpur í stærri stærðum að finna tískuföt. „Ég byrjaði með bloggið mitt fyrir fjórum árum. Upphaflega átti það að vera tískublogg en svo sá ég að ég gat það bara ekki. Þess vegna fór ég út í förðun. Það sem mér fannst svo geggjað við förðunina er að allir geta verið málaðir, það skiptir ekki máli hvernig þú lítur út,“ segir hún.

Fanney ólst upp úti á landi þar sem henni fannst erfitt að vera klædd eins og hana langaði til. Hún fann fyrir pressu um að vera klædd eins og hinir til að passa inn. „Ég hlakkaði til að flytja til Reykjavíkur og lét mig dreyma um að geta klætt mig eftir mínu höfði. En þegar ég flutti þangað áttaði ég mig á því að það kom ekkert með því að búa í stórri borg, það sem þarf er sjálfstraust.

> **Það sem þarf er sjálfstraust. Ég áttaði mig á því að maður getur verið eins og maður vill vera hvar sem er.**

Ég áttaði mig á því að maður getur verið eins maður vill vera hvar sem er.“

Það reyndist Fanneyju oft erfitt áður fyrr að finna föt sem pössuðu henni. „Ég man þegar ég var unglingur og fór til Reykjavíkur með vinkonum mínum og við fórum í Kringluna. Ég ætlaði svo að kaupa mér einhver flott föt en ég fann ekkert. Þar var ekkert fyrir mig,“ segir Fanney. Henni finnst úrvalið af tískuverslunum með fötum í stærri stærðum hafi aukist síðan þá.

„Áður keypti ég oft föt á netinu en þegar maður er í ákveðinni stærð þá vill maður geta mátað, ég held reyndar að flestar konur vilji það. Það er glatað að panta eitthvað sem passar svo ekki þegar það kemur til þín. Mér hefur líka oft fundist sniðin á stærri fötunum léleg, kannski keypti ég flík í minni stærð en hún var samt of þröng yfir brjóstin eða handleggina. Ef maður notar „large“ yfir magann er líklegt að maður noti þá stærð líka annars staðar. Mér finnst sniðin oft ekki samsvara sér. En nú er komið betra úrval af tískufötum sem eru sniðin sérstaklega fyrir stærri konur.“

## Úrvalið í dag betra en áður

Fanney hefur setið fyrir í fötum frá tískuversluninni Voxen sem sérhæfir sig í tískufötum í stórum stærðum. „Þær sáu bloggið mitt og höfðu samband við mig. Ég ákvað að slá til því mér fannst hljóma svo vel að þær væru að selja tískuföt í minni stærð. Það er algengur misskilningur að stelpur í „plus size“ fötum vilji vera í ljótum fötum. Það er alls ekki satt og þarna voru komin flott föt sem mig langaði að nota.“

Fanneyju finnst að lengi vel hafi það verið viðmótið að „plus size“ stelpur megi ekki tjá sig með fötum. Stærri stelpur sem fylgjast með Fanneyju á samfélagsmiðlum hafa sagt henni að þeim hafi fundist þær þurfa að vera í svörtu og ekki mega vera of áberandi. „Þær hafa sagt mér að eftir að þær fóru að fylgjast með mér hafi þeim fundist þær fá leyfi til að vera áberandi og sýna línurnar án þess að verið sé að setja út á þær.“

Fanney segist ekki hafa neinn sérstakan fatastíl heldur er hún dugleg að prófa eitthvað nýtt. Hún leggur samt áherslu á að fötin sem hún notar séu þægileg. „Ég vil ekki vera að takmarka mig, ef ég sé einhvern annan í einhverju sem mér finnst flott þá prófa ég það. Ég viðurkenni það alveg að ég er ekki að finna upp hjólið. Mér finnst það ekki vera aðalmálið heldur að aðlaga það sem manni finnst flott að sjálfum sér og vera maður sjálfur í öllum fötum.“



**Fanney hefur gaman af að prófa alls konar föt.**



**Fylgjendur Fanneyjar á Instagram segja hana hvetjandi.**




FLOTT SPARIFÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

# Buxnadagar!

**20%**

AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
BUXUM



Gildir út laugardaginn 23. nóvember

BITTE KAI RAND
MOS MOSH
GARDEUR
GERKE
FRANKWALDER
PBO
ANCORA

hjá Hafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Vogue þakkar Björk tískuna

Okkar eigin Björk Guðmundsdóttir á afmæli í dag og fagnar 54 árum. Hún á engan sinn líka þegar kemur að tísku og listsköpun í víðri veröld og hlaut á dögunum þakkir fyrir framlag sitt frá tískubiblíunni Vogue.



**Björk var sérdeilis glæsileg klædd sem orkídeu-avatar-úr framtíðinni eftir Iris van Herpen í tónleikaröð sinni Cornucopia í New York í sumar.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Björk á Englandi 2018 í kjól eftir Rúmenana Lönu Dumitru og Vlad Tenu.**



**Björk í Tbilisi í Georgíu árið 2017.**



**Björk á Iceland Airwaves í kjól frá Emanuel Ungaro.**



**Björk á Utopia-tónleikum sínum í Lundúnum 2018.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Björk er þekkt fyrir frumlegan, dramatískan og skrautlegan klæðnað og þykir ófyrirsjáanleg þegar hún leitar nýrra leiða til að tjá sjálfa sig í gegnum tónlist sína og listsköpun.

Tískubiblíunni Vogue þótti tímabært að þakka Björk fyrir framlag hennar til tískunnar í byrjun nóvember, þegar ört styttist í endalok 21. áratugarins og byrjun 22. áratugarins.

„Björk og tíska; er einhverju við það að bæta?“ spyr Vogue og bætir við að í þrjátíu ár hafi Björk ekki einungis nálgast og kunnað að meta fatnað sem umbreytandi listform heldur beinlínis orðið verndari listgreinarinnar; einnar konu styrktarsjóður fyrir framúrstefnulega hönnuði sem gefur þeim tækifæri og sýnileika innan hins stóra tískuheims.

Vogue nefnir að tískuvit og smekkur Bjarkar sé fordómalaus og frjálslyndur, allt frá Múmín-bol yfir í dýrslegt skart og skrautlega fylgihluti frá ungversk-bandaríska hönnuðinum Judith Leiber. Margar af eftirminnilegustu múnderingum Bjarkar voru hannaðar af góðum vini hennar, breska fatahönnuðinum Lee Alexander McQueen sem féll frá árið 2010. Þar má nefna ógleymanlegt útlit Bjarkar á albúmi Homogenic-plötunnar 1997. Seinna vann hún meðal annars með Olivier Rousteing, hönnuði Balmain.

Vogue tekur fram að Björk sé alls ekki mótfallin fallegri munaðarvöru og minnist þess að hún hafi fengið franska tískuhönnuðinn Christian Lacroix til að opna vinnustofu sína á sunnudegi svo hún gæti pantað sér hátískufatnað. Hún sé þó þekktust fyrir að styðja við sjálfstæða og óháða hönnuði, einkum þá sem kanna nýjar og ókortlagðar lendur í tískuheiminum, rétt eins og hún gerir sjálf í sinni listsköpun.

Í þakkarvotti Vogue er sjálfstjáningu Bjarkar hampað sem dýrðlegri og einstakri. Hún geri allt að sínu. Sagt er að Björk dragist að dramatískum útlínum sem umbreyta líkamanum, rétt eins og Rei Kawakubo hefur hannað fyrir Comme des Garçons og hollenski vísinda- og tæknihönnuðurinn Iris van Herpen hefur gert fyrir Björk. Þá sé samsvörun á milli hins ójarðneska og andlega hjá Björk og mætum hennar á vængjum, hvort sem þeir eru á plíseruðum ermum eða á svani sem hringar sig um hana.




SMART SPARIFÖT, FYRIR SMART KONUR

NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS

My Style tískuhús

my style

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

BUXUR/LEGGINGS



Pleður buxnaleggings
kr. 6.900.-

Sparilegar, ökklasídd
kr. 8.900.-

Þykkar leggings
kr. 8.900.-

Str. S-XXL

Rita

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030






















Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

# Stjörnurnar klæðast rauðu

Rauðir kjólar eru ekki bara jólalegir og fallegir heldur eru þeir afar vinsælir um þessar mundir. Stjörnurnar flykkjast í samkvæmi þessa dagana og margar eru þær klæddar rauðu.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Rauður litur verður vinsæll í vetur, bæði einn og sér og með öðrum litum. Þannig sjást oft mynstraðir kjólar með áberandi rauðum röndum á tískusýningum. Einnig eru rauðu kjólarnir klæddir upp með jakka í öðrum lit, svörtum eða gallajakka. Það gefur sportlegt útlit og væri til dæmis flottur klæðnaður fyrir jólahlaðborðin sem eru fram undan.

Samkvæmt tískusérfræðingum verður litaflóran mjög falleg eftir áramótin þegar kemur að tískuheiminum. Bláir tónar verða áberandi, hvítur, jarðlitir og mintugrænn svo einhverjir séu tilnefndir. Dimmir litir verða vinsælli en bjartir. Dökkfjólublár kemur sterkur inn og litur sem líkist ryðguðum appelsínum, hvað svo sem það þýðir, túrmerikgulur og grágrænn. Svartur litur verður áberandi sem fyrr.

Þá verða dragtir vinsælar en þær eiga að vera lausar við líkamann og þægilegar. Buxurnar verða víðar og háar í mittið. Tískan eftir áramótin einkennist nokkuð af þægilegum og afslöppuðum klæðnaði en þó kvenlegum. Hvað sem næsta árs tísku líður þá er um að gera að finna sér rauðan jólakjól áður en hátíðarhöld aðventunnar fara í gang með öllum jólatónleikunum.



Chiquinquira Delgado mætti á Grammy-verðlaunahátíðina fyrir latín-tónlist í Las Vegas 14. nóvember. Chiquinquira er fyrirsæta, sjónvarpskona og leikkona frá Venesúela.



Tískuhönnuðurinn Rachel Zoe var í glæsilegum kjól á hátíð í Los Angeles fyrir nokkrum dögum. Rachel er einnig rithöfundur og viðskiptakona.



Kántrísöngkonan Danielle Bradbery mætti í rauðu á CMA-verðlaunahátíðina í Nashville.



Sonna Rele kom á verðlaunaafhendingu í soul-tónlist í Las Vegas um helgina í rauðum, stuttum kjól. Sonna er söngkona og tónlistarmaður sem hefur meðal annars túrað með John Legend.



Fyrirsætan Marie Amiere mætti á galahátíð hjá Óperunni í Berlín í rauðum síðkjól sem eftir var tekið.



## Bílar & Farartæki



Nýr Nissan Leaf SV 40Kw. Raundrægni um 270 km. Til afhendingar strax. 100% lán mögulegt. Verð: 4.190.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**VIÐHALDSTAK EHF.**
Getum bætt við okkur innanhús málun. Öll tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Sími 6974650.

**REGNBOGALITIR EHF.**
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggilltra fagmanna. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is


**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


### Húsaviðhald

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna. Lausir tímar til 21.nóvember.

## Keypt & Selt

### Til sölu

mýranaut
Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www. myranaut.is s. 868 7204



JS LJÓSASMIÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.






# Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsingar um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Skarfagarðar 2
Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 23. október 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 7. nóvember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis, Skarfabakka vegna lóðarinnar nr. 2 við Skarfagarða. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður að hluta á norðvestur horni reitsins. Nýtingarhlutfall jarðhæðar fer úr 0.5 í 0.56 og nýtingarhlutfall millipalla í 0.25. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Funafold 42
Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 30. október 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 7. nóvember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 42 við Funafold. Í breytingunni felst að stækka núverandi leikskóla í Funafold og gera þar sjö deilda leikskóla, stækka lóð leikskólans, fjölga bílastæðum, færa aðkomu að leikskólanum og færa til norðurs hjólastíg fyrir ofan núverandi lóðamörk. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Vesturgata 6-10A
Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 6. nóvember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 14. nóvember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Naustareits vegna lóðarinnar nr. 6-10A við Vesturgötu. Í breytingunni felst að heimilt er að koma fyrir svölum á austurenda vesturgötu 6-8 og endurbyggja svalir með tröppum á Vesturgötu 10. Gististarfsemi heimiluð á 2. hæð Vesturgötu 6-8. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Kjalarnes, Mógilsá
Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 6. nóvember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 14. nóvember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Mógilsár og Kollafjarðar. Í breytingunni felst að byggingarreit A er hliðrað til vesturs vegna legu fornleifa á svæðinu, reitur Þ1 er stækkaður til vesturs svo að reitur A falli allur innan svæðisins eftir færsluna, heimilt byggingarmagn á reit A er aukið og skilmálum um leyfilega þjónustu breytt. Auk þess verða B-rými sem eru ekki inni í heildartölu byggingarmagns og bætt er við ákvæði um að leyfa gististarfsemi á svæðinu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögur er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 21. nóvember 2019 til og með 6. janúar 2020**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www.reykjavik.is*, skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 6. janúar 2020.** Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 21. nóvember 2019
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is


## Bernhard notaðir bílar eru fluttir að Vatnagörðum 24

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP Í GÓÐUM NOTUÐUM BÍL
SÖLUMENN OKKAR ERU Í SAMNINGSSTUÐI



**Honda Jazz Trend**
Nýskráður 6/2017, ekinn 35 þús.km., bensín, 6 gírar.
Tilboð kr. 1.690.000
Allt að 90% fjármögnun í boði



**Honda CR-V Executive dísil**
Nýskráður 9/2016, ekinn 36 þús.km., dísil, sjálfskiptur 9 gírar.
Verð kr. 3.890.000
Allt að 90% fjármögnun í boði



**Honda CR-V Elegance navi**
Nýskráður 6/2017, ekinn 80 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.490.000
Allt að 90% fjármögnun í boði



**Honda HR-V Elegance dísil**
Nýskráður 11/2016, ekinn 35 þús.km., Honda Connect með leiðsögukerfi, dísil, 6 gírar.
Verð kr. 2.890.000
Allt að 90% fjármögnun í boði

Afborgun miðast við 80% lánshlutfall í 7 ár. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 8,94%

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Vatnagörðum 24 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**ÍBÚÐ TIL LEIGU Á JARÐHÆÐ, HVERFI 109.**
Snyrtileg íbúð ca 55fm í rólegu hverfi. 170þ mán. + tryggingargjald. Dýrahald bannað. Hiti og rafmagn innifalið. Laus 1. des. Sendið uppl á .... Ibudinve@gmail.com

Til leigu í Garðabæ einstaklingsíbúð með sér inngangi,reyklaust og rólegt. Upplýsingar í síma: 892-8825.

## Atvinnuhúsnæði

**IÐNAÐAR- EÐA LAGERHÚSNÆÐI TIL LEIGU**
Til leigu 180-270 fm. atvinnuhúsnæði með innkeyrsluhurð í Bolholti 4 (bakhús) 105 Rvk. Laus strax.
**Uppl. í s: 893-8166 eða grensas@gmail.com. Grensás ehf. / Ragnar**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**VÉLVIRKI EÐA VANUR MAÐUR ÓSKAST**
Álheimar óskar eftir að ráða vélvirkja, bifvélavirkja eða vanan mann í málmsmíði / vélavinnu. Fjölbreytt framtíðarstarf, góð vinnuaðstaða. Uppl. í s. 869 1122, efnir@efnir.is www.alheimar.is


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

GRANDAVEGUR 47
107 Reykjavík
LAUS STRAX

OPIÐ HÚS fimmtudag 21.nóv. kl. 17:30-18:00
Falleg 115 m² 3-4ra herbergja íbúð
- 4 hæð með útsýni yfir hafið
- 60 ára og eldri – Laus strax
- Íbúðinni fylgir sérstæði í bílgeymslu.

Verð: 55 millj.
Nánari upplýsingar veitir:
Þröstur Þórhallsson, lögg. fasteignasali
throstur@miklaborg.is sími: 897 0634
MIKLABORG 569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89% Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.
**Beinn sími: 550 5625**
**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Þarftu að ráða?
Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.
ráðum ráðningarstofa
WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS


# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055


**Ferðaþjónustuhús**

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

EYJALIND
**Gúmmíbelti** - Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**LED leiðiskrossar**

- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ
- Andlitsbað, litun og plokkun
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín


Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is


Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

# Staðreyndir um hlýnun jarðar



Egill Einarsson
efnaverkfræðingur

Tilefni þessarar greinar er grein sem birtist í Fréttablaðinu þann 7. nóvember undir fyrirsögninni „Það heitir endurhlýnun ekki hlýnun“ og vil ég leiðrétta ýmislegt sem þar kemur fram.

Í allri þeirri umræðu sem nú á sér stað um loftslagsmál er mikilvægt að setja sannleikann í öndvegi hvort sem hann er okkur í hag eða ekki. Við viljum trúa því að flestir vísindamenn vinni með sannleikann að leiðarljósi þótt örugglega séu undantekningar þar á.

Ef við lítum á staðreyndir um lofthjúp jarðar eru þær þessar: Styrkur koltvísýrungs í andrúmslofti hefur hækkað frá upphafi iðnbyltingar úr 290 ppm á seinni hluta 19. aldar og er nú um 400 ppm og spáð er árlegri aukningu um 10 ppm. Þessi mikla aukning skýrist fyrst og fremst af aukinni notkun jarðefnaeldsneytis sem hefur 10-faldast frá árinu 1930 og hækkar með veldisvísi (e. exponential). Í hinu náttúrulega ferli myndast koltvísýrungur við niðurbrot á lífrænu efni sem viðheldur hringrás þess. Eyðing vistkerfa á jörðinni verður síðan til þess að stöðugt minni bindihæfni verður í gróðri og veldur þetta keðjuverkun þ.e. meiri losun á móti minni bindingu hefur stigmagnandi áhrif á magn koltvísýrungs. Til samanburðar má líta á hækkun höfuðstól láns sem einnig hækkar með veldisvísi. Vextir leggjast á höfuðstólinn og síðan leggjast nýir vextir á nýjan höfuðstól o.s.frv. Með þessu móti hækkar t.d. höfuðstóll láns sem ber 4 % vexti tvöfalt á 20 árum og 50-faldast á 100 árum. Efnafræðin kennir okkur að efnahvarf, þar sem stöðug hækkun verður á myndefni efnahvarfsins, er ekki í jafnvægi. Þetta þýðir að framleiðsla á koltvísýrungi af völdum bruna jarðefnaeldsneytis á jörðinni er mun meiri en náttúran nær að binda.

Ekki er hægt að horfa fram hjá niðurstöðum hitamælinga á jörðinni og hefur meðalhitastig jarðar hækkað skv. mælingum um 1°C á síðustu 100 árum og frá árinu 1975 hefur meðalhækkun á áratug verið á bilinu 0,15-0,20 °C. Það er einnig vísindaleg staðreynd að svo hröð hlýnun hefur aldrei áður orðið í jarðsögunni þótt vitað sé að sveiflur hafa orðið á hitastigi jarðar á löngum tímabilum. Hraði breytinga skiptir hins vegar miklu máli í vistkerfi jarðar sem er lengi að aðlaga sig breytingum sem geta leitt til hruns á mikilvægum lífkerfum. T.d. má nefna lækkun á sýrustigi sjávar vegna hækkaðs koltvísýrungs sem veldur miklum breytingum á lífsskilyrðum lífvera sem mynda kalkskel. Hækkun sjávar vegna þenslu er um 60 cm fyrir hverrar gráðu hækkun og þar við bætist hækkun vegna bráðnunar jökla. Einungis um 1:100.000 af vatni jarðar er bundið í lofthjúpnum og gefur auga leið að lítið munar um aukna uppgufun til að sporna við hækkun sjávarborðs.

**Í allri þeirri umræðu sem nú á sér stað um loftslagsmál er mikilvægt að setja sannleikann í öndvegi hvort sem hann er okkur í hag eða ekki.**

Að lokum: Ef mannkynið stendur frammi fyrir tveim möguleikum, hamfarahlýnun eða endurhlýnun getur það tekið tvenns konar afstöðu: 1) Hafnað kenningum vísindanna og látið reka á reiðanum og aðhyllst kenningu um endurhlýnun. 2) Viðurkennt þau hættumerki sem eru á lofti og búist til varnar. Hvor afstaðan er skynsamlegri óháð því hvor kenningin er rétt? Í tilfelli 1 er hugsanlegt að um eðlilegt ferli sé að ræða og því ástæðulaust að bregðast við. Hafi menn hins vegar tekið rangan pól í hæðina blasir við stórkostleg eyðing búsvæða mannsins þar sem stórir hlutar jarðar verði óbyggilegir. Í tilfelli 2 hefur verið gert ráð fyrir að verstu spár geti ræst og brugðist við með því að taka rækilega til í sóun og ofnýtingu auðlinda jarðar. Hvernig sem allt fer hefur þó verið brugðist við og reynt að bjarga lífríki og búsetu mannkyns. Ég læt lesendur um að meta hvor leiðin er betri.






# Á að setja bikara í tóma bikarskápa

**Tottenham kom mörgum á óvart þegar félagið rak Mauricio Pochettino og réð Jose Mourinho. Liðið hefur fengið 24 stig í síðustu 25 leikjum. Liðið spilar á nýjum velli og er með leikmenn í heimsklassa. Eigendurnir vilja ekki bara vera með heldur vinna eitthvað líka.**

**FÓTBOLTI** Tottenham Hotspur hefur aðeins unnið þrjá titla á síðustu 28 árum. Það er ekki nóg fyrir eigendur sem hafa byggt nýjan völl og eru með lið fullt af landsliðsmönnum víða að og gæði innan vallar sem utan. Félagið rak stjóra sinn, Argentínumanninn Mauricio Pochettino, á þriðjudagskvöldið og réð José Mourinho. Mourinho hefur unnið titla alls staðar þar sem hann hefur drepið niður fæti og á að dusta rykið af bikaraskápum Tottenham.

Það voru ekki endilega mikil tíðindi að Pochettino hefði verið rekinn heldur tímasetningin á brottrekstri hans. Pochettino hefur aðeins náð í 24 stig í síðustu 25 deildarleikjum. Hann tapaði 7-2 fyrir FC Bayern í Meistaradeildinni og það virtist augljóst eftir úrslitaleikinn gegn Liverpool að Argentínumaðurinn væri kominn á endastöð með liðið. Leikmenn vildu annaðhvort fara eða ekki semja og spilamennskan var eftir því. Með þessu fylgdu úrslit sem hæfa ekki liði sem spilar á einum flottasta velli Evrópu og telur sig vera eitt af stóru liðunum. En þeir hafa líka litlu eytt í leikmenn. Mourinho mun ekki líða það. Það hefur sagan sýnt. Á þeim fimm árum sem Pochettino var við stjórnvölinn eyddi Tottenham engum stórkostlegum upphæðum og frægt að félagið eyddi engu í 18 heila mánuði. Það mun ekki gerast á vakt Mourinho.

Í grein The Athletic kemur fram að Argentínumaðurinn hafi verið búinn að tapa klefanum og leikmenn virtu hann sífellt minna. Þeir voru orðnir þreyttir á kröfum hans og undruðust taktík hans fyrir leiki. Fyrir einn leik fengu þeir einmitt lítil sem engin fyrirmæli og töpuðu. Þó stukku leikmenn til samfélagsmiðla og þökkuðu fyrrverandi stjóra sínum fyrir tímann og óskuðu honum alls hins besta.

Fyrir tíma Pochettino hafði Tottenham aðeins endað tvisvar á meðal fjögurra efstu síðan enska úrvalsdeildin hóf göngu sína. Argentínumaðurinn kom og gerði félagið að einu af stóru félögunum en nú vilja eigendurnir meira. Og leita til Mourinho sem vinnur bikara hvar sem hann drepur niður fæti.



José Mourinho hefur tekið við stjórnartaumunum af Mauricio Pochettino hjá Lundúnarliðinu Tottenham Hotspur. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Úrslitin í deildinni í lok síðasta keppnistímabils og byrjun þessa tímabils hafa verið þvílík vonbrigði.**
>
> Daniel Levy, framkvæmdastjóri Tottenham



Mourinho stýrði æfingum í gær enda leikjaprógramm Tottenham ekkert grín. West Ham um helgina en liðin eru engir perluvinir. Miðvikudaginn 4. desember er það svo Old Trafford, 11. desember fer liðið til Bayern og 22. desember er það Stamford Bridge. Mourinho hefur verið að búa til nýja ímynd af sér með því að sitja í sjónvarpinu og er nánast búinn að þurrka af sér fýlukallastimpilinn. Eitt er víst, þó að Tottenham sé nú í 14. sæti er liðið skyndilega til alls líklegt.

**Hvað næst fyrir Pochettino?**

Argentínumaðurinn hefur staðið sig vel hjá Tottenham þrátt fyrir skort á verðlaunapeningum. Enginn skyldi dæma hann á genginu undanfarna átta mánuði í deildinni. Frá því að hann tók við Tottenham hefur félagið orðið eitt af þeim stóru á Englandi. Það er vissulega laust starf hjá FC Bayern í Þýskalandi, sem vann Tottenham 7-2 í Meistaradeildinni. PSG hefur lengi horft löngunaraugum til síns fyrrverandi leikmanns en Pochettino spilaði 70 leiki fyrir félagið frá 2001-2003. Thomas Tuchel, sem þar stýrir, gæti þurft að horfa yfir öxlina á sér þó liðið hafi tekið framförum í byrjun tímabilsins. Manchester United hefur einnig horft til hans þótt Ole Gunnar sé enn við stýrið. Þá hefur seinni bylgja Zidane hjá Real Madrid ekki gengið þrautalaust. Pochettino verður ekki lengi án atvinnu.

> **Miðað við fjármagn er ótrúlegt hvað hann gerði. Tottenham var topp sex félag. Hann gerði það að topp fjögur félagi.**
>
> Jamie Carragher, sparkspekingur



Í grein The Athletic segir að Argentínumaðurinn Pochettino hafi fengið boð frá eiganda félagsins um að segja af sér en neitað.

benediktboas@frettabladid.is

# Sá fram á að fá minni spiltíma hjá Leipzig innan tíðar

**HANDBOLTI** Viggó Kristjánsson færði sig fyrr í þessari viku um set innan þýsku úrvalsdeildarinnar í handbolta karla. Viggó sem gekk til liðs við Leipzig í vor ákvað að fara til Wetzlar en hann samdi við félagið til næsta vors.

„Ég hafði verið í viðræðum við forráðamenn Leipzig og ég hafði hug á að vera þar áfram. Ég hef verið að spila þó nokkuð í upphafi keppnistímabilsins og naut mín bæði innan vallar og utan. Þeir sögðu mér hins vegar að þeir ætluðu að veðja á unga þýska skyttu sem er uppalin hjá félaginu," segir Viggó í samtali við Fréttablaðið um vistaskiptin.

„Það var því viðbúið að spiltími minn myndi minnka hjá Leipzig þar sem við vorum orðnir þrír í vinstri skyttustöðunni hjá liðinu. Wetzlar vantaði vinstri skyttu og spurðist fyrir um hvort möguleiki væri á að ég kæmi þangað. Mér fannst það fín lending að semja við þá fram á vorið og skoða svo stöðuna þegar þegar að kemur með framhaldið," segir hann enn fremur.

„Þetta er lið sem er um miðja þýsku efstu deildina og ég sé fram á að vera í stóru hlutverki hjá liðinu. Það var svo sem ekki skortur á spiltíma hjá Leipzig og ég átti til að mynda góðan leik á móti Melsungen um síðustu helgi. Sú staða var hins vegar líklega að fara að breytast þannig að ég ákvað að breyta til," segir þessi flinka skytta.

„Það er töluvert öðruvísi að búa í Leipzig sem er stórborg en Wetzler sem er lítill og afar rólegur bær. Umgjörðin hjá Wetzlar er eins og best verður á kosið en bærinn er ekki eins stór og Leipzig. Það er gaman að hafa upplifað báðar hliðar af Þýskalandi og að hafa prufað að búa bæði í Austur- og Vestur-Þýskalandi. Við búum flestir í liðinu í sömu blokkinni sem er bara fínt upp á að koma mér inn í hópinn. Ég er að taka við af portúgalskri skyttu hérna sem náði ekki að finna sig," segir Viggó sem spilaði sína fyrstu landsleiki þegar íslenska liðið mætti Svíþjóð í vináttulandsleikjum fyrr í þessum mánuði.



Viggó vonast til þess að fara með Íslandi á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Það var því viðbúið að spiltími minn myndi minnka hjá Leipzig þar sem við vorum orðnir þrír í vinstri skyttustöðunni hjá liðinu.**

„Mig langar auðvitað að fara með á Evrópumótið í janúar og vonandi náði ég að standa mig vel í leikjunum á móti Svíum og í næstu leikjum með Wetzlar þannig að ég verði í hópnum þegar þar að kemur. Möguleikinn á að komast í landsliðið hafði einhver áhrif á þessi félagaskipti en þó ekki úrslitaáhrif. Ég hlakka mjög til þess að sýna mig og sanna með Wetzlar og sjá hvort það skilar mér í EM-hópinn," segir Viggó en fyrsti leikur hans með Wetzlar verður á móti Minden á laugardaginn kemur. – hó


GÖNGUSKÓR FYRIR ÞIG OG ÞÍNA
Allir gönguskór á 20% jólatilboði*
Memory Foam tækni sem lagar sig að fætinum.
Meindl er einn þekktasti gönguskóaframleiðandi í Evrópu.
Verð 59.990 kr. Jólatilboð 47.992 kr.
Meindl Island Rock GTX herraskór.
Ný gerð af vinsælustu gönguskónum okkar.
Sérlega góður ökklastuðningur.
Meindl Island Rock er nýr skór sem er þróaður út frá Meindl Island skónum vinsæla.
Leður með Gore-tex vatnsvörn.
Tvöfaldur sóli sem tryggir öruggt grip og góða endingu.
Gerður fyrir grófan og erfitt landslag. Það er ekki tilviljun að skórinn heitir einmitt eftir Íslandi.
Verð 39.990 kr. Jólatilboð 31.992 kr.
Meindl Kansas GTX fyrir herra og dömur.
Alhliða leðurgönguskór.
Verð 27.990 kr. Jólatilboð 22.392 kr.
TNF Hedgehog Mid GTX herraskór.
Léttir leðurskór.
Verð 27.990 kr. Jólatilboð 22.392 kr.
TNF W Hedgehog Hike II Mid Gtx
dömuskór.
Lowa Renegade Mid GTX
fyrir herra og dömur. Léttir og liprir gönguskór.
Verð 33.990 kr. Jólatilboð 27.192 kr.
TNF Hedgehog GTX dömuskór.
Lágir og þægilegir gönguskór.
Verð 23.990 kr. Jólatilboð 19.192 kr.
TNF Hedgehog GTX herraskór.
Lágir og þægilegir gönguskór.
Verð 23.990 kr. Jólatilboð 19.192 kr.
20% AFSLÁTTUR
THE NORTH FACE
MEINDL Shoes For Actives
LOWA simply more...
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

## Merkisatburðir

**1931** Fyrsta leikritið er flutt í Ríkisútvarpinu, kaflar úr Bóndanum á Hrauni eftir Jóhann Sigurjónsson.

**1976** Sýrlandsher leggur Líbanon undir sig.

**1981** Um 350.000 manns mótmæla kjarnavopnum í Antwerpen í Belgíu.

**1984** Samkvæmt könnun Hagvangs á gildismati og mannlegum viðhorfum reynast Íslendingar vera hamingjusamasta þjóð í heimi.

**1990** Japanska leikjatölvan Super Nintendo Entertainment System kemur á markað.

**1990** Parísarskráin er undirrituð af fulltrúum Kanada, Sovétríkjanna, Bandaríkjanna og þrjátíu og tveggja Evrópuríkja. Hún er stundum talin marka formleg endalok kalda stríðsins.

**1995** Dayton-samningurinn sem bindur endi á Bosníustríðið er undirritaður Ohio í Bandaríkjunum.

# Bókin er lítill gjörningur

**Halldóra Arnardóttir listfræðingur hefur skrifað bók um föður sinn, fjöllistamanninn Örn Inga Gíslason (1945-2017). Hún nefnist Lífið er LEIK-fimi og kemur út í dag.**

Þetta er þvílík fæðing og henni fylgir bæði fögnuður og þreyta, segir Halldóra Arnardóttir listfræðingur. Hún er komin heim til Akureyrar frá Spáni með 400 blaðsíðna bók um föður sinn, Örn Inga Gíslason listamann. Bókin heitir Lífið er LEIK-fimi og var að mestu skrifuð á samnefndri sýningu í Listasafninu á Akureyri í fyrravetur.

„Ég lýsti sögu pabba fyrir grafíska hönnuðinum á Spáni. Þar kom meðal annars fram að hann vann í banka en þó honum liði þar vel félagslega fann hann sig ekki, ákvað að hætta og reyna fyrir sér sem myndlistarmaður. Faðir minn var þekktur fyrir sína gjörninga og bókin er lítill gjörningur. Utan um hana er askja úr stáli, kuldinn frá stálinu á að tákna bankastarfið. Bókin er hins vegar þakin blaðgulli og af henni stafar birta sem tákn um þá sköpun og það frelsi sem fylgir listinni.“

Halldóra kveðst hafa fengið marga samferðamenn til að segja frá Erni Inga í bókinni, hvernig var að vinna með honum og hvað hann skildi eftir. „Ég vildi vita hvað við getum lært af honum. Hann var stundum kallaður Gjörn Ingi og hann fékk byr og líka mótbyr. Ég vona að bókin verði fólki innblástur.“ Bókin kemur út á Amtsbókasafninu á Akureyri í dag og verður kynnt í Reykjavík í næstu viku. **gun@frettabladid.is**



Halldóra með bókina um arfleifð föður hennar, Arnar Inga. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Okkar ástkæri faðir, afi og langafi,
**Ólafur Th Ólafsson**
kennari og myndlistarmaður,
lést þann 16. nóvember sl. á hjúkrunarheimilinu Ási. Hann verður jarðsunginn frá Selfosskirkju mánudaginn 25. nóvember kl. 14.

**Elín Vigdís Ólafsdóttir**
**Hrund Ólafsdóttir**
**Bragi Ólafsson**
**Sigrún Sól Ólafsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Hjörtur J. Hjartar**
lést sunnudaginn 17. nóvember. Útförin fer fram frá Neskirkju, laugardaginn 23. nóvember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á MND-félagið eða önnur líknarfélög.

**Jakobína Sigtryggsdóttir**
**Sigtryggur Klemenz Hjartar** **Ragnheiður Guðmundsdóttir**
**Ragna Hjartar** **Simon Reher**
**barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir og mágur,
**Þorsteinn Ólafur Þorsteinsson**
viðskiptafræðingur,
Lækjargötu 20, Hafnarfirði,
lést á heimili sínu föstudaginn 8. nóvember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 22. nóvember kl. 13.

**Svana Berglind Karlsdóttir**
**Bríet Mjöll Þorsteinsdóttir**
**Elísabet Sóldís Þorsteinsdóttir**
**Alexandra Ísfold Alexandersdóttir** **Viktor Smári Sigurjónsson**
**Sigrún Guðmundsdóttir** **Friðrik Jónsson**
**Pétur Þorsteinsson** **Kristín Ármannsdóttir**
**Jóna Þorsteinsdóttir** **Sveinn Jóhannsson**
**Heiðdís Þorsteinsdóttir** **Pálmi Egilsson**



Leyfðu okkur að aðstoða þig!
GARÐHEIMAR
540 3320 • gardheimar.is
blomabud@gardheimar.is



**Ólafur Thorlacius**
lyfjafræðingur,
Grænumörk 2, Selfossi,
lést 17. nóvember sl. á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi. Kveðjustund verður þriðjudaginn 26. nóvember nk. kl. 15.00 á Hótel Örk, Hveragerði, 2. hæð. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning Stígamóta: 101-15-630999, kt. 620190-1449.

**Guðrún Jónsdóttir**
**Ragnheiður Thorlacius** **Runólfur Sigursveinsson**
**Dagný Jónasdóttir, Jóhanna Runólfsdóttir,**
**Guðrún Runólfsdóttir og langafabörnin Mikael og Salka.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og einlægur vinur,
**Árni Þ. Þorgrímsson**
fv. flugumferðarstjóri,
lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þann 18. nóvember.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Helga Árnadóttir** **Árni Árnason**
**Þorgrímur St. Árnason** **Ásdís María Óskarsdóttir**
**Eiríka G. Árnadóttir** **Þórður M. Kjartansson**
**Ragnheiður Elín Árnadóttir** **Guðjón Ingi Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**Emilía Ósk Guðjónsdóttir**



Við þökkum auðsýnda samúð, hlýhug og stuðning vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
**Steinunnar Gísladóttur**
Sunnuhlíð, áður Gullsmára 7.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sunnuhlíðar fyrir hlýtt viðmót, virðingu og góða umönnun.

**Hulda Leifsdóttir** **Bjarni Pálsson**
**Hafdís Leifsdóttir** **Sigurbjörn Sigurðsson**
**Ingibergur Sigurðsson** **Ingibjörg Magnúsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,
**Magnea S. Sigmarsdóttir**
sjúkraliði,
lést á Hrafnistu, Boðaþingi, fimmtudaginn 14. nóvember.

**Marteinn Karlsson** **Esther Gerður Högnadóttir**
**Sigmar Örn Karlsson**
**Egill Karlsson** **Katrín Guðjónsdóttir**
**Anna Eygló Karlsdóttir** **Jóhannes Níels Sigurðsson**
**Guðlaug Sigmarsdóttir** **Hafliði Baldursson**
**og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar,
**Jóna Hólmfríður Guðjónsdóttir**
lést á dvalarheimilinu Lundi, Hellu, föstudaginn 8. nóvember.

**Fríða Á. Björnsdóttir**
**Víðir Ásgeirsson**
**Ómar Ásgeirsson**
**Björk Ásgeirsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Sverrir Guðmundsson**
Kópavogsbraut 1a,
Kópavogi,
lést 14. nóvember. Útförin fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 25. nóvember kl. 13.

**Guðlaug Sverrisdóttir**
**Aðalsteinn Sverrisson** **Rannveig Ragnarsdóttir**
**Guðmundur Sverrisson** **Björk Berglind Arnljótsdóttir**
**og afabörn.**

# Gullverðlaunapylsa

## Meistarafélags kjötiðnaðarmanna







**10 pylsur**

**395** kr./pk.

**Bónus Vínarpylsur**
485 g, 10 stk.



**BÓNUS**
**Pylsa+brauð**
**76**
**kr/stk.***

* ef keyptar eru 10 Bónus vínarpylsur og 10 Bónus pylsubrauð




**179** kr./pk.

**Bónus Pylsubrauð**
5 stk.



**Sparaðu**
tíma og fyrirhöfn




**Fulleldað**
Aðeins að hita

**Bónus Súpur**
1-1,2 kg, 5 tegundir

**1.598** kr./stk.




**Kók í gleri**

**129** kr./330 ml

**Coca-Cola í gleri**
venjulegt og Zero, 330 ml




**198** kr./200 g

**Gunz Kókostoppar**
200 g




**2,3kg**

**795** kr./ks.

**Robin Klementínur**
2,3 kg

**BÓNUS**

**EKKERT BRUÐL**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | °C | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 6 ← |
| Ísafjörður | 1 | 2 ↑ |
| Akureyri | 4 | 4 ↑ |
| Egilsstaðir | 2 | 5 ↘ |
| Kirkjubæjarkl | 6 | 6 ← |
| Hveravellir | -1 | 3 ↓ |

Austlæg átt, 13-18 m/s með suðurströndinni fram yfir hádegi, annars mun hægari. Dálítil rigning suðaustan til, en bjart veður norðan heiða. Hiti 1 til 7 stig, en víða 0 til 5 stiga frost á N- og A-landi. Austan 8-18 á morgun, hvassast syðst. Rigning, einkum um landið sunnanvert, en úrkomulítið á Norður- og Norðausturlandi. Hiti 0 til 7 stig.

## Föstudagur

| Staður | °C | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 6 | 5 ↖ |
| Ísafjörður | 2 | 4 ↑ |
| Akureyri | 5 | 3 ↑ |
| Egilsstaðir | 3 | 2 ↘ |
| Kirkjubæjarkl | 5 | 4 ← |
| Hveravellir | 0 | 7 ↑ |

## Laugardagur

| Staður | °C | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 4 | 2 ← |
| Ísafjörður | 1 | 1 ↙ |
| Akureyri | -2 | 1 ↑ |
| Egilsstaðir | 0 | 1 ↑ |
| Kirkjubæjarkl | 4 | 3 ↙ |
| Hveravellir | 1 | 1 → |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 8 | 5 | | | | 4 | 1 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | 4 | 5 | 3 | 6 | | | 9 | |
| 8 | 6 | | 1 | 9 | | 5 | | |
| | 5 | 2 | | | | | | 4 |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | | 3 | | | 9 |
| | | 6 | 7 | | 5 | 2 | | 8 |
| | 3 | 7 | | 8 | 2 | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 5 | | 4 | | 9 |
| 2 | | | | 4 | 6 | | | |
| 9 | | | 7 | 8 | | | | |
| | 6 | | 2 | 9 | | 5 | | |
| 3 | 8 | | 4 | | | | 6 | 2 |
| | | 7 | | 3 | 8 | | | |
| | | 3 | | | | | 7 | 1 |
| | | 2 | 1 | | | | | |
| | | | | 2 | | 3 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 8 | | | | 1 | 6 |
| | | 6 | | | 7 | | | 9 |
| | | | | 4 | | | 8 | |
| 1 | | | | 3 | | | | |
| | 8 | 4 | 2 | 1 | | | | 7 |
| | | | | | | | | |
| | | | | 5 | 3 | 2 | | |
| | 1 | | 7 | 8 | | | 6 | 5 |
| | 2 | 3 | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 8 | 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 5 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 2 | 8 | 5 | 4 | 3 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 4 | 1 | 9 | 7 | 8 | 5 | 3 | 2 |
| 3 | 5 | 7 | 6 | 2 | 1 | 8 | 9 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 3 | 2 | 5 |
| 1 | 7 | 5 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 6 |
| 2 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 7 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 | 3 |
| 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 6 | 3 | 5 | 2 | 8 | 7 | 9 | 4 |
| 9 | 7 | 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 2 | 8 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 9 | 4 | 5 | 3 | 7 |
| 5 | 3 | 6 | 7 | 8 | 2 | 9 | 4 | 1 |
| 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 9 | 8 | 1 | 5 |
| 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 7 | 4 | 6 | 2 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 5 | 6 | 3 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 4 | 1 | 7 |
| 3 | 1 | 6 | 7 | 8 | 4 | 2 | 5 | 9 |
| 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 2 | 3 | 6 | 8 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 |
| 2 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 4 | 7 | 9 | 2 | 1 |
| 9 | 3 | 8 | 2 | 7 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 9 | 8 | 5 | 7 | 3 |
| 4 | 5 | 7 | 6 | 3 | 1 | 8 | 9 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 got
5 skipalægi
6 í röð
8 alþýðu
10 tveir eins
11 sægur
12 bakki
13 ríki í Arabíu
15 strá
17 blossaljós

**LÓÐRÉTT**
1 fljótfær
2 vapp
3 lirfu
4 ríki í Afríku
7 eldsneyti
9 ríki í Afríku
12 skemmtun
14 þvælingur
16 í röð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 hrogn, 5 vör, 6 íj, 8 almúga, 10 tt, 11 ger, 12 barð, 13 íran, 15 sáldra, 17 flass.
**LÓÐRÉTT:** 1 hvatvís, 2 rölt, 3 orm, 4 níger, 7 jarðgas, 9 úganda, 12 ball, 14 ráf, 16 rs.

## Skák Gunnar Björnsson

Mikhail Antipov (2.558) átti leik gegn Dinera Saduakassova (2.505) í fyrstu umferð Ísey skyr skákhátíðarinnar – heimsmeistaramótsins á Selfossi.

**21. … Hxf2+! 22. Kxf2 Hf8+ 23. Kg1 Re3+!! 0-1.** Hvítur verður mát eftir 24. Bxg4 Hf1+ 25. Kh2 Be5+ 26. Kh3 Hxh1#. Mótið fór af stað með glæsibrag. Allir íslensku keppendurnir gerðu jafntefli í fyrstu umferð. Þriðja umferð fer fram í dag og hefst kl. 17.

**www.skak.is:** Skákhátíð á Selfossi.

Svartur á leik











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Skál fyrir hollustu



# BÍLAR

# Mustang Mach E frumsýndur í Los Angeles

Verður með sjálfstýribúnaði og með 370 km drægni í grunnútfærslu.



Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Frá frumsýningu Ford Mustang Mach E í Los Angeles á mánudaginn. Bíllinn er fyrsti rafdrifni Mustanginn og keppir við Tesla Model S. NORDICPHOTOS/GETTY

Í fyrsta skipti er kominn Mustang fram á sjónarsviðið sem ekki er tveggja dyra, er rafdrifinn og með fjórhjóladrifi. Þessi nýi Mustang er í raun og veru jepplingur en verður boðinn bæði með afturdrifi og fjórhjóladrifi. Drægni hans í grunnútfærslu eru 370 km en hann er þá með 75,7 kWh rafhlöðu í 255 hestafla útfærslu. Einnig verður hægt að fá hann með stærri langdrægari 98,8 kWh rafhlöðu með 282 hestafla rafmótor við afturdrifið og með rúmlega 500 km drægni samkvæmt EPA-staðlinum. EPA-staðallinn miðar meira við langkeyrslu heldur en evrópski WLTP-staðallinn sem er meira fyrir akstur á styttri vegalengdum. Bíllinn verður boðinn í fjórum útfærslum, Select, California Route 1, Premium og GT. GT-útgáfan verður hins vegar 459 hestöfl og með 830 Newtonmetra tog. Sú útgáfa á að geta náð 100 km hraða á þremur og hálfri sekúndu.

### Með sjálfstýribúnaði

Nýi Mustang Mach E verður búinn sjálfstýribúnaði svipuðum Tesla Autopilot-búnaðinum. Verður búnaðurinn í Premium- og GT-línum bílsins en hugbúnaðurinn verður í boði sem aukabúnaður. Ford hefur þó ekki ákveðið hvenær þeir muni virkja þennan búnað en hann notar myndavélar og leysigeisla til að fylgjast með akstrinum. Ford hefur ekki sagt hvað búnaðurinn verði kallaður eða hvað hann muni kosta. Að sögn Gísla Jóns Bjarnasonar, sölustjóra Ford hjá Brimborg, hefst forsala á Mustang Mach E á Íslandi næsta haust. „Við vonumst til að fá bíla í lok ársins eða í síðasta lagi byrjun árs 2021,“ sagði Gísli. GT-útgáfan mun svo ekki koma fyrr en vorið 2021 í Bandaríkjunum. Grunnútgáfa bílsins mun kosta 5,4 milljónir króna í Bandaríkjunum en GT-útgáfan 7,5 milljónir króna.



Stóri skjárinn fyrir miðju minnir mikið á innanrými Tesla en bíllinn verður með sjálfstýribúnað líkt og Tesla Autopilot.



Fimmta kynslóð RAV4 verður einnig fáanleg í tengiltvinnútgáfu á næsta ári.

# Toyota RAV4 kemur í 300 hestafla tengiltvinnútgáfu

Toyota kynnti nýja tengiltvinnútgáfu RAV4 jepplingsins á Bílasýningunni í Los Angeles í gær. Bíllinn er tæp 300 hestöfl og er með rafhlöðu sem kemur honum 63 km í hreinum rafakstri. Útgáfan kallast Prime og er aflmesta og eyðslugrennsta útfærsla RAV4 frá upphafi. Vélin í bílnum er 2,5 lítra bensínvél sem með rafmótorunum tveimur kemur honum í hundraðið á 6,2 sekúndum. Rafmótorarnir eru á báðum öxlum en bensínvélin knýr framdrifið líka. Báðir rafmótorarnir eru með hleðslubremsubúnaði sem hleður rafhlöðuna og eru flipar á stýri til að nota það eins og við niðurgírun.

Í Ameríkuútgáfunni verður bíllinn með veglínuskynjara, umferðarmerkjalesara, árekstrarvörn, 18 tommu álfelgum og átta tommu upplýsingaskjá sem virkar fyrir Apple CarPlay, Andriod Auto og Amazon Alexa. Ekki hefur verið gefið út hvort Evrópuútgáfurnar verða öðruvísi búnar. Bíllinn fer í sölu snemma á næsta ári í Bandaríkjunum og líklega skömmu síðar í Evrópu.




Karma SC2 er nánast framleiðsluhæfur en hvort hann fær allt sem tilraunabíllinn hefur er óvíst ennþá.

# Tilraunabíllinn Karma SC2 forsýndur

Karma forsýndi tilraunaútgáfu SC2 ofursportbílsins rétt fyrir opnun Bílasýningarinnar í Los Angeles. Bíllinn er rafdrifinn og skilar 1.085 hestöflum, 1.400 Newtonmetra togi og fer í hundraðið á aðeins 1,9 sekúndum. Ekki amalegt það.

Aflið kemur frá 120 kWh rafhlöðu sem samkvæmt Karma dugar fyrir 560 km akstur. Fjöðrun og grind er þannig búin að þegar lagt er á bílinn í beygju færist álagið inn á við og á grind bílsins líkt og í Formúlu 1 bíl. Auk þess er tilraunabíllinn búinn keramikbremsum af sverustu sort. Hátæknibúnaður eins og andlitsskanni til að opna dyrnar er í bílnum auk krómglers sem hægt er að gera ógegnsætt. Ef bíllinn fer í framleiðslu má búast við honum á markað árið 2022 en fyrst mun Karma-merkið setja Revero GT á markað á næsta ári, en hann var einnig sýndur í Los Angeles í uppfærðri útgáfu.




# Líttu vel út hvert sem þú ferð.

Nýr og endurhannaður Tucson uppfyllir kröfur nútímafólks með glæsilegu útliti, nýjustu akstursöryggistækni og uppfærðum aflrásum. Í honum sameinast sveigjanleiki jeppans og einkennandi útlit Tucson sem fær enn sterkari svip í nýju hönnuninni. Nýr Tucson er hannaður til að láta þig líta vel út hvert sem þú ferð.

**Hyundai Tucson – 4wd, dísil, sjálfskiptur. Verð frá 5.090.000 kr.**

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

# Skáldskapurinn eða dauðinn

**Pedro Gunnlaugur Garcia sendir frá sér fyrstu skáldsögu sína sem gerist bæði í Rúmeníu og á Íslandi. Skrifar um týnt fólk sem nær ekki tengingu við aðra.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is





„Verkið var lengi í mótun og tók miklum breytingum,“ segir Pedro Gunnlaugur Garcia. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Málleysingjarnir er fyrsta skáldsaga Pedros Gunnlaugs Garcia en fyrir hana hlaut hann nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta. Sagan gerist á árunum 1989 til dagsins í dag og sögusviðið er Rúmenía og Ísland.

Pedro er fæddur í Portúgal. Faðir hans er Portúgali og móðir hans íslensk. Hann hefur búið hér á landi frá fimm ára aldri. Spurður hvenær hann hafi byrjað að skrifa segir hann: „Ég byrjaði að skrifa sem unglingur en hafði áður gert teiknimyndasögur og skrifað brandarabækur sem voru eingöngu ætlaðar fjölskyldunni og ævintýri fyrir mig og bróður minn. Þegar ég var fimmtán ára fór ég að skrifa ljóð og smásögur og gerði meira að segja atlögu að skáldsögu. Þegar ég lauk menntaskóla vildi vinur minn endilega brenna allar stærðfræðibækurnar sínar úr náminu. Á þeim tíma var ég orðinn fráhverfur skáldskap og fann enga hvatningu til að halda honum áfram. Ég fór því með honum og hann brenndi stærðfræðibækurnar um leið og ég brenndi allar smásögurnar mínar og ljóðin. Eftir það sinnti ég ekki skáldskap í tæpan áratug en þrítugur áttaði mig á því að ég væri að sóa lífi mínu. Það væri skáldskapurinn eða dauðinn.“

### Verk sem var lengi í mótun

Málleysingjarnir, sem er gríðarlega áhugaverð skáldsaga, var lengi í vinnslu. „Árið 2014 fór ég að safna hugmyndum og skrifa eitt og annað hjá mér. Í byrjun var sagan í allt öðrum stíl og þegar hún þróaðist fann ég að það sem höfðaði mest til mín var ekki gróteska eða grallaralæti sem ég ætlaði að yrðu mínir styrkleikar heldur frekar karaktersköpun og það hvernig við reynum að ná tengslum við annað fólk og hvað gerist þegar það heppnast ekki. Verkið var lengi í mótun og tók miklum breytingum,“ segir Pedro.

Spurður af hverju hann hafi gert Rúmeníu að sögusviði segir hann: „Hugmyndin var að sagan ætti sér stað á Íslandi og einhvers staðar annars staðar. Sjálfur er ég annars staðar frá. Það urðu algjör skil í lífi mínu þegar ég flutti frá Portúgal til Íslands. Við tók annað land, önnur menning, annað fólk og allt annað landslag. Ég vildi setja hugmyndir mínar í skáldsagnaform en fannst fullsjálfhverft að hafa landið Portúgal þannig að Rúmenía varð staðgengill.

Rúmenía er heillandi land sem ekki er mikið talað um í okkar heimshluta. Fyrir tilviljun bauðst mér að fara þangað á tungumálanámskeið. Ég var þar í mánuð og reyndi eftir bestu getu að læra tungumálið. Ég naut þess að vera þar með öðru fólki í nýju umhverfi. Þegar ég kom heim hugsaði ég með mér að Rúmenía gæti verið kjörinn staður fyrir hluta framvindunnar í skáldsögunni. Ég las mér til um sögu landsins án þess að ég vildi gera bókina að sögulegri skáldsögu. Saga Rúmeníu er bakgrunnur fyrir persónur og örlög þeirra.“

> ÉG VAR MIKIÐ AÐ HUGSA UM PÁFAGAUKA OG ÞÁ SAMFÉLAGSLEGA LÆRÐU HEGÐUN SEM VIÐ SÝNUM OG MEINAR OKKUR AÐ NÁLGAST ÞÁ SEM VIÐ VILJUM.

### Hin lærða hegðun

Dýr eru áberandi í skáldsögunni og þá sérstaklega fuglar, jafnvel talandi, og hluti verksins fjallar um samskipti manna við þau. „Ég var mikið að hugsa um páfagauka og þá samfélagslega lærðu hegðun sem við sýnum og meinar okkur að nálgast þá sem við viljum. Við erum apategund sem þráir kærleika og nánd en áhrif samfélagsgerðar, hugmyndafræði, kyngervi og ýmsir innri þættir koma í veg fyrir að við njótum þessa. Við komum í heiminn með þarfir og ef við finnum þeim ekki farveg páfagaukum við það sem okkur skilst að sé rétt, en það skilar okkur litlu. Án kærleika minnum við líka á páfagauk sem skrækir eitthvað sem hann skilur ekki. Persónur bókarinnar ná ekki tengingu við annað fólk, fá ekki kærleika og ná ekki að sýna hann og því fylgir einmanaleiki, kvíði og reiði sem brýst út í ofbeldi hjá sumum.“

### Hrikalegt viðfangsefni

Reiðir karlmenn breiða úr sér í bókinni og básúna þar skoðanir sínar. „Þetta er texti sem var skrifaður fyrir nokkrum árum og endurspeglar æ meir það sem maður heyrir í kringum sig. Núna virðist þetta vera mjög uppskrúfuð útgáfa af Klausturmálinu. Þetta eru menn sem upplifa sig valdalausa og það dynur á þeim orðræða sem þeir snúa við og reyna að beita sem vopni. Fyrir mér átti þetta að vera skopstæling en þetta er samt hrikalegt viðfangsefni.“

Pedro er greinilega vel lesinn í heimsbókmenntunum því í bókinni vísar hann í marga meistara, meðal annars í Dickens og Tolstoy. „Inn á milli læði ég að ástarbréfum til höfunda sem ég er hrifinn af. Þetta er virðingarvottur til þeirra sem á undan fóru. Ég er að trana mér fram og get ekki annað en tekið ofan fyrir þeim.“

Spurður hvort hann sé farinn að huga að næstu bók segir hann: „Ég á tilraunakennd prósaljóð og svo er ég nýfarinn af stað með skáldsögu. Það er sagt að tími nóvellunnar sé að renna upp og ég var að velta fyrir mér að gera eitthvað í styttri kantinum. Það lítur samt út fyrir að það sé að verða til annað fjögurra ára verkefni. Við sjáumst þá eftir fjögur ár!“

# Ingibjörg, Ingibjörg og Ingibjörg

**TÓNLIST**
★★★☆☆

**Tónlist eftir Ingibjörgu Ýri Skarphéðinsdóttur við ljóð eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur. Ingibjörg Fríða Helgadóttir söng.**

**Kaldalón í Hörpu**
fimmtudaginn 14. nóvember



Lög við ljóð Ingibjargar Haraldsdóttur voru flutt í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Einu sinni sátu þrjú tónskáld á kaffihúsi. Það voru þeir Rimskí-Korsakoff, Skrjabín og Rakhmanínoff. Umræðuefnið var hvernig tónlist er á litinn. Hinir tveir síðarnefndu sögðust sjá tónana ekkert síður en að heyra þá. Fljótlega voru þeir farnir að rífast heiftarlega um það hvort E-dúr væri appelsínugulur eða blár. Rakhmanínoff var jarðbundnari og horfði hneykslaður á félaga sína, en sagði fátt.

Tvær konur sem báðar heita Ingibjörg, kváðust líka vera ósammála um hvernig tónar og lög væru á litinn. Þetta var á tónleikum í Kaldalóni í Hörpu á fimmtudagskvöldið. Þær voru þó sammála um að eitt lagið, sem bar titilinn Angist, væri brúnt.

Ég verð að viðurkenna að ég sá ekki neitt slíkt á tónleikunum. Lagið var engu að síður fallegt, draumkennt og innhverft, melódían hrífandi og innileg, undirspilið kliðmjúkt og fínlegt.

### Margbrotin áferð

Þessi draumkennda stemning var ráðandi á tónleikunum, en lögin voru flest eftir aðra listakonuna, Ingibjörgu Ýri Skarphéðinsdóttur. Hún útskrifaðist í tónsmíðum frá LHÍ fyrir þremur árum. Tónlist hennar ber miklum hæfileikum vitni. Margbrotinn hljóðheimur, sem framkallaður var með ólíkum hljóðfærum, myndaði fjölbreytt tónbrigði. Tónskáldið spilaði sjálft á næstum öll hljóðfærin, sem voru píanó, klarinetta, lítið stofuorgel, þumlapíanó, langspil og hvað eina. Hljóðfæraleikurinn var ávallt vandaður; helst mátti finna að píanóleiknum, sem var dálítið varfærnislegur.

Textinn var úr ljóðum Ingibjargar Haraldsdóttur og þriðja Ingibjörgin, sem einnig heitir Fríða og er Haraldsdóttir, söng, en nafna hennar tók líka af og til undir. Ljóðin eru meitluð, stundum bara fáein orð sem samt segja heila sögu. Í takt við það voru laglínurnar grípandi. Þær voru einfaldar og byggðust gjarnan á markvissum endurtekningum.

### Takmarkaður söngur

Ingibjörg Fríða söng í eins konar vísnasöngsstíl, söngurinn var hreinn en nokkuð takmarkaður. Ekki mikil breidd var í tilfinningum, lögin voru of keimlík í meðförum söngkonunnar. Ákveðin krúttstemning var ríkjandi í túlkuninni, sem fór lögunum misvel. Þessi stemning var undirstrikuð víða með spiladósum og undir einu laginu heyrðist barnshjal úr hátölurunum, sem gerði ekkert fyrir tónlistina.

Ríkulegur hljóðheimur mismunandi hljóðfæra skapaði samt sem áður margt fallegt; upphafslagið, þar sem píanóið líkti eftir brimi, var til dæmis heillandi, og baðstofustemningin í laginu Húm við langspilsundirleik var sterk. Þannig mætti lengi telja. Skáldavíman var alltaf til staðar í lögunum.

Listakonurnar hyggja á upptökur á lögunum, sem er góð hugmynd; brothættur söngurinn kemur örugglega betur út í hljóðupptöku en á lifandi tónleikum, og lögin sjálf, brún, appelsínugul og blá, eiga það svo sannarlega skilið að heyrast víðar. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Viðkvæmur söngurinn var misáhugaverður, en lagasmíðarnar voru innblásnar.




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | **www.forlagid.is**

# Yrsu tekst það enn á ný

**BÆKUR**

**Þögn**

★★★★☆

**Yrsa Sigurðardóttir**

**Útgefandi:** Veröld
**Fjöldi síðna:** 366 blaðsíður

Barn hverfur úr barnavagni. Lík finnst í bifreið. Huldar og Freyja eru vinir með þægindum. Kyrkislangan er enn í sínu herbergi.

Í síðustu fimm bókum Yrsu Sigurðardóttur hafa glæpir vissulega verið í forgrunni en lögreglufólkið sem rannsakar þá: góðlátlegi lögreglurisinn Huldar sem er ástfanginn af barnasálfræðingnum Freyju sem vill helst af öllu ekkert með hann hafa, Erla, yfirmaður þeirra sem er ekki sátt við nokkurn skapaðan hlut, Gunnlaugur, samkynhneigði samstarfsmaðurinn, og Lína lögreglunemi, þó með drjúgan hlut söguþráðarins á sínum snærum. Þetta form, að sömu rannsóknaraðilar fari með glæpamálin sem eru til umfjöllunar milli bóka, er fjarri því að vera óþekkt í glæpasöguritun, og er hægt að minnast á Martin Beck og félaga í Stokkhólmi í bókaflokknum Skáldsaga um glæp sem kom út á áttunda áratugnum og margir telja upphaf skandinavísku glæpasögunnar sem á ensku kallast Scandinavian noir og Erlend og félaga sem rannsökuðu glæpi í Reykjavík í verkum Arnaldar Indriðasonar.




Glæparannsóknar-„fjölskylda“ Yrsu samanstendur af afar skemmtilega skrifuðum persónum sem dyggir lesendur þekkja og finnst gaman að hitta aftur. Yrsa hefur löngum verið meistari plottsins og skrifað fléttur sem ríghalda lesandanum og þegar bætist við þetta skemmtilega persónugallerí sem að auki fær tækifæri til að þróast og breytast með hverri bók verður útkoman með skemmtilegri glæpasögum sem komist verður í tæri við.

Að eignast börn, eiga börn og missa er leiðarstef í Þögninni, fimmtándu spennusögu Yrsu. Bókin hefst á því að ungbarni er rænt úr vagni þar sem það sefur úti, nokkuð sem erlendum lesendum á ekki eftir



„Yrsa hefur löngum verið meistari plottsins.“ FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

að koma á óvart því hvaða heilvita manneskjur láta börn sofa eftirlitslaus utandyra og ekki er ólíklegt að þurfi neðanmálsgreinar til að skýra þennan séríslenska sið í þýðingum. Næst erum við komin í jarðarför tíu ára gamals barns og fleiri foreldrar eiga eftir að upplifa þessa sárustu allra sorga áður en bókin er úti. Þá er Erla, yfirmaðurinn á þeirri deild rannsóknarlögreglunnar sem hefur rannsókn málsins með höndum, á steypinum og önnur sögupersóna á líka von á sér. Einnig er komið að málum sem hatrammar samfélagsdeilur hafa snúist um og tengjast börnum og frjósemi eins og bólusetningum og staðgöngumæðrun en ekki er óalgengt að bækur Yrsu snerti á samfélagsmálum meðfram hefðbundnum glæpafléttum.

Glæpirnir eru nokkuð óhugnanlegir (annað höfundareinkenni Yrsu), mikið af sundurtættum líkömum og greinilegt að þessi sundrun holdsins er höfundi hugstæð um þessar mundir en hún var einnig áberandi í síðustu bók.

Vitundarmiðjan er helst hjá Freyju og Huldari en við sjáum einnig söguna út frá sjónarhóli fleiri persóna sem eru aðilar máls og eins og oft hjá Yrsu er ein persóna sem saumar síðasta lausa þráðinn fyrir lesendur þó hinar persónurnar fái kannski aldrei að vita hvernig allir þræðir spinnast saman. Þá er lausn málsins nánast aldrei sú sem liggur beinast við heldur fer lesandinn með lögreglufólkinu í marga hringi áður en niðurstaða fæst.

Yrsu Sigurðardóttur tekst hér enn á ný að skrifa afar góða glæpasögu sem eflaust mun halda mörgum í lestraránauð á jólanótt og jóladag.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Glæpasaga sem ríg-heldur lesandanum en snertir líka á umhugsunarverðum samfélagsmálefnum.

---

## Hvað? Hvenær? Hvar?
## Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

### 21. NÓVEMBER 2019

### Orðsins list

**Hvað?** Norðurslóðir á ferðinni: Álitamál, áskoranir og möguleikar
**Hvenær?** 12.00-13.00
**Hvar?** Þjóðarbókhlaðan
Gunnar Þór Jóhannesson prófessor ræðir m.a. um áskoranir í ferðaþjónustu. Fundurinn er öllum opinn.

**Hvað?** Hagstjórn Jónasar Haralz
**Hvenær?** 16.00 -18.00
**Hvar?** Oddi, stofa 101
Boðið er til málþings í tilefni af því að hundrað ár eru frá fæðingu Jónasar Haralz. Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra, og Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri flytja



**Dr. Ásta Kristjánsdóttir minnist Elíasar Mar í Reykjavíkur/Akademíunni, Þórunnartúni.**

erindi. Léttar veitingar.

**Hvað?** Útgáfu nýrra höfunda fagnað
**Hvenær?** 17.00 - 19.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Svikaskáldin Melkorka Ólafsdóttir og Ragnheiður Harpa Leifsdóttir gefa út ljóðabækur.

**Hvað?** Upplestur
**Hvenær?** 17.30 - 18.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið Kringlunni
Dóri DNA, Gerður Kristný, Sjón og Vigdís Grímsdóttir lesa úr nýjum bókum sínum.

**Hvað?** Spjall og léttar veigar
**Hvenær?** 20.00 - 21.00
**Hvar?** Bókakaffið, Selfossi
Skáldin Steinunn Sigurðardóttir og Harpa Rún Kristjánsdóttir bjóða upp á spjall og léttar veigar. Þær lesa úr nýjum ljóðabókum auk þess að ræða skáldskapinn, skriffærið og innblásturinn. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir og eru gestir hvattir til að spyrja krefjandi spurninga.

**Hvað?** Þýðing þess að þýða fyrir börn
**Hvenær?** 20.00 – 22.00
**Hvar?** Gunnarshús, Dyngjuvegi 8
Sverrir Norland stýrir umræðum við Jón Stefán Kristjánsson og Þórarin Eldjárn um barnabókaþýðingar, íslenskuna, hugarflugið – og lesendur framtíðar.

**Hvað?** Fyrirlestur um Elías Mar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Reykjavíkur/Akademían Þórunnartúni 2, 4. hæð
Dr. Ásta Kristín Benediktsdóttir íslenskufræðingur flytur fyrirlestur um rithöfundinn Elías Mar (1924-2007). Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



**Arnþór Guðjónsson, Margrét Hrafnsdóttir, Þórarinn Sigurbergsson, Svanur Vilbergsson og Þröstur Þorbjörnsson koma fram í Fríkirkjunni í Reykjavík.**

### Tónlist

**Hvað?** Á ljúfum nótum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Flutt verður verkið The speaking silence eftir Matthew Brown sem er fyrir fjóra gítara og eina söngkonu. Aðgangseyrir er 1.500 krónur. (Ath. að ekki er tekið við greiðslukortum).

**Hvað?** Heilunartónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fríkirkjan, Reykjavík
Að viðburðinum stendur Hugrún Fjóla, tónlistarkona og jógakennari, og hefur hóp af tónlistarfólki með sér.

**Hvað?** Dúettinn Vasi
**Hvenær?** 21.00-11.00
**Hvar?** Petersen svítan, Ingólfsstræti
Hunton og Gunnar Már Jakobsson flytja þjóðlagaskotna tónlist úr öllum áttum. Frítt inn.





Extra
CHEW FOR
CHANGE
TYGGÐU EXTRA
TIL GÓÐRA VERKA
MEÐ ÞVÍ AÐ TYGGJA EXTRA STYÐUR ÞÚ SOS BARNAÞORPIN
TIL BÆTTRAR TANNHEILSU BARNA Í GHANA OG BOTSWANA
Í SAMSTARFI VIÐ
WRIGLEY'S
Extra
SOS
BARNAÞORPIN
Öll börn vilja gott heimili
Í OKTÓBER OG NÓVEMBER 2019

DAGSKRÁIN á Hringbraut



„Auðvitað er ég ekki alveg í lagi“

Kári Stefánsson segir alla söguna í Mannamáli, gerir upp ferilinn, æskuna, vinskapinn, óvildina, brestina og það sem hann sér allra mest eftir.

Mannamál í kvöld kl. 20:00 – og annað eins eftir viku ...

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



21 Frétta- og umræðuþátturinn tuttuguogeinn alla virka daga klukkan 21.00

Fylgstu með!




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Útsvar 2018-2019 Reykjavík - Flateyri**
**14.20 Popppunktur FM Belfast og Boogie Trouble** Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna hinni sívinsælu spurningakeppni Popppunkti og að þessu sinni verða spurningarnar eingöngu um íslenska popp og rokktónlist. Liðin sem keppa í sumarútgáfu Popppunkts 2016 eru: Grísalappalísa, Reykjavíkurdætur, Moses Hightower, Retro Stefson, FM Belfast, Boogie Trouble, Amabadama og Agent Fresco. Stjórn upptöku: Helgi Jóhannesson. e.
**15.15 Landinn 2010-2011** Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land. Ritstjóri er Gísli Einarsson og um dagskrárgerð sér Karl Sigtryggsson. e.
**15.45 Milli himins og jarðar**
**16.50 Sælkeraferðir Ricks Stein - Vínarborg**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Lars uppvakningur**
**18.16 Anna og vélmennin**
**18.38 Handboltaáskorunin**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Ítarleg umfjöllun um það sem er efst á baugi í fréttum og mannlífi. Farið er ofan í kjölinn á stærstu fréttamálum dagsins með viðmælendum um land allt.
**19.50 Menningin**
**20.05 Soð Fokvöfflur og rjúkandi súkkulaði** Kristinn og Janus halda út í vetrarlægðina og að Þorbirni. Þeir hefja göngu sína við rætur fjallsins og í hávaðarokinu og rigningunni koma þeir sér í skjól í Þjófagili þar sem Kristinn lagar dýrindis heitt súkkulaði og steikir vöfflur með handþeyttum rjóma og heimagerðri sultu.
**20.25 Líkamstjáning - Stefnumót** Norskir þættir um líkamstjáningu þar sem teknar eru fyrir ýmsar aðstæður sem fólk verður gjarnan óöruggt í. Fjallað er um hvernig hægt er að vinna með líkamstjáningu til að virka öruggari til dæmis á stefnumótum og í atvinnuviðtölum.
**21.05 Berlínarsaga**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Kynlífsfræðingarnir**
**23.20 Patrick Melrose**
**00.20 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**07.00 DP World Tour Championship** Bein útsending frá DP World Tour Championship á Evrópumótaröðinni.
**13.00 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**13.50 PGA Special. Coming Home (Nicklaus Show)** Skemmtilegur þáttur frá PGA.
**14.35 CME Group Tour Championship** Útsending frá lokadegi CME Group Tour Championship á LPGA-mótaröðinni.
**17.35 Inside the PGA Tour**
**18.00 CME Group Tour Championship** Bein útsending frá CME Group Tour Championship á LPGA-mótaröðinni.
**21.00 Golfing World**
**21.50 Champions Tour Highlights**
**22.45 PGA Highlights**
**23.40 Inside the PGA Tour**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Man with a Plan**
**14.15 The Voice US**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 Superior Donuts**
**19.45 Single Parents**
**20.10 Með Loga**
**21.10 9-1-1**
**21.55 Emergence**
**22.40 In the Dark**
**23.25 The Late Late Show**
**00.10 NCIS**
**00.55 Billions**
**01.55 The Handmaid's Tale**
**02.50 Black Monday**
**03.20 SMILF**
**03.50 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Á tónsviðinu**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Flakk**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp UngRÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Alþjóðlega tónskáldaþingið Rostrum Seinni þáttur**
**21.00 Mannlegi þátturinn**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.40 Surf's Up 2. WaveMania**
**13.05 All Saints**
**14.55 Wonder**
**16.50 Surf's Up 2. WaveMania**
**18.15 All Saints**
**20.05 Wonder**
**22.00 Lovelace**
**23.35 Happy Death Day**
**01.10 A Cure for Wellness**
**03.35 Lovelace**

## STÖÐ 2

**08.00 Friends**
**08.20 Grey's Anatomy**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Two and a Half Men**
**09.50 Besti vinur mannsins**
**10.15 Grand Designs**
**11.05 Jamie Cooks Italy**
**11.50 Deception**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Office Space**
**14.30 Lego DC Super Hero Girls. Super-Villain High**
**15.50 Swan Princess. A Royal Family Tale**
**17.20 Stelpurnar** Stelpurnar snúa nú aftur í fjórðu þáttaröðinni hlægilegri en nokkru sinni fyrr. Þátturinn hefur notið gífurlegrar vinsældar enda eru þarna samankomnir margir af bestu gamanleikurum Íslands.
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.03 Nágrannar**
**18.28 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.47 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10 Dagvaktin**
**19.40 Masterchef USA**
**20.25 NCIS**
**21.10 The Blacklist**
**21.55 Mr. Mercedes**
**22.50 Real Time With Bill Maher**
**23.55 Grantchester 4**
**00.45 Prodigal Son**
**01.30 Shameless**
**02.25 Game of Thrones** Magnaðir þættir sem gerast á miðöldum í ævintýraheimi sem kallast Sjö konungsríki Westeros þar sem sumrin geta varað í áratugi og veturnir alla ævi.
**03.20 Game of Thrones**
**04.20 Game of Thrones**
**05.15 Game of Thrones**

## STÖÐ 3

**19.10 The Middle**
**19.35 The Last Man on Earth**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 Supergirl**
**21.35 Batwoman**
**22.20 Outlander**
**23.20 Barry**
**23.55 American Dad**
**00.20 The Middle**
**00.45 The Last Man on Earth**
**01.10 Friends**
**01.40 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10 FH - Stjarnan** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
**08.40 Seinni bylgjan** Markaþáttur Olís-deildarinnar.
**10.10 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**10.35 Domino's Körfuboltakvöld karla** Leikirnir í Domino's-deildinni gerðir upp.
**12.15 KR - Haukar** Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
**13.55 Kýpur - Skotland**
**15.35 Írland - Danmörk**
**17.15 Undankeppni EM 2020 - Markaþáttur**
**19.05 KR - Njarðvík** Bein útsending frá leik í Domino's-deild karla.
**21.15 Domino's Körfuboltakvöld kvenna**
**22.30 Baltimore Ravens - Houston Texans** Útsending frá leik í NFL.

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


Hátíðarkalkúnninn er kominn!
Hátíðarkalkúnn
með brúnuðum kartöflum,
maís, fyllingu og rauðvínssósu
1.295,-
Grænkerar og aðrir sælkerar gleðjist!
Vegan Wellington með sætkartöflumús,
rauðkáli og spínatsveppasósu. Inniheldur Oumph!
1.295,-
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - IKEA.is
IKEA
© Inter IKEA Systems B.V. 2019

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ



Aðstandendur myndarinnar, leikstjórinn og handritshöfundurinn Rúnar Rúnarsson, Lilja Snorradóttir, Vigfús Þormar Gunnarsson og Elli Cassata. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Elisabete Fortes er ein þeirra yfir þrjú hundruð sem fara með hlutverk í myndinni.



Leikhúshjónin Arnar Jónsson og Þórhildur Þorleifsdóttir brostu sínu breiðasta.

# Áhrifamiklar örsögur

Íslenska kvikmyndin **Bergmál** var frumsýnd með pompi og prakt í Háskólabíói á þriðjudaginn. Virtust frumsýningargestir hrífast með af sögunum 58 sem gerast í aðdraganda jóla hér á landi.

Segja má að jólaandinn hafi fyllt aðalsal Háskólabíós á meðan á frumsýningu á íslensku kvikmyndinni Bergmál stóð á þriðjudaginn var. Leikstjórinn og handritshöfundurinn Rúnar Rúnarsson, sem leikstýrði meðal annars kvikmyndunum Þrestir og Eldfjall, fer hér svo sannarlega nýjar leiðir og brýtur upp hið hefðbundna form kvikmyndar.

**Yfir þrjú hundruð leikarar**

Engir aðalleikarar eru í kvikmyndinni og í raun engir þekktir leikarar en í kringum 330 manns fara með hlutverk í henni. Ekki er um heildstæðan söguþráð að ræða heldur sjáum við 58 ljúfar, sárar, fyndnar og bitrar hversdagslegar örsögur. Allar eru þær leiknar af lítt eða óreyndum leikurum sem augljóslega er vel stýrt og ekki er að sjá að um frumraun fyrir framan kvikmyndatökuvél sé að ræða í langflestum tilvikum. Sögurnar sem allar eiga sér stað í aðdraganda jóla og voru teknar fyrir síðustu jól, fanga vel fjölbreytileika lífsins litrófs og verða klárlega frábær heimild um íslenskan samtíma þegar fram líða stundir. Nú þegar hefur verið ákveðið að myndin fari í sýningar í 25 kvikmyndahúsum í Hollandi í desember og hefur hún verið sýnd á kvikmyndahátíðum víða um heim frá því í haust, við góðar undirtektir. Íslensk jól ferðast því víða þetta árið og ættu íslensk jólabörn, kvikmyndaáhugafólk og þeir sem almennt hafa áhuga á mannlegu eðli og ýmsum birtingarmyndum þess ekki að láta Bergmál fram hjá sér fara.

bjork@frettabladid.is



Félagarnir Rúnar og Rúnar létu sig ekki vanta.



Mæðginin Agnes Kristjónsdóttir og Haraldur Ari Stefánsson.



Svanhildur Jakobsdóttir mætti ásamt Stefaníu Svölu Borg.



Helgi Björnsson, Arnór Pálmi og Gunnar Hansson.



Tónlistarmennirnir Erpur Eyvindarson eða Blaz Roca og Huginn.



Nöfnurnar Ísold og Ísold Arna skemmtu sér vel.

XTM PERFORMANCE

# VANDAÐUR OG HLÝR FATNAÐUR FYRIR ALLA ÚTIVIST



Hálsklútur MONTAGE

Ýmsir litir

**1.999 kr**



Snjógalli AKIRA

st: 2-8 ára

**17.999 kr**





Húfa FLIP

Ýmsir litir

**2.499 kr**



Lúffur SPACE

Ýmsir litir - st: 3-8 ára

**4.999 kr**



Vatnsheldni
15.000 mm
Öndun
10.000 gsm
Fóðrun 140 g/sqm
YKK rennilás

Snjógalli KORI

st: 2-8 ára

**12.999 kr**



Vatnsheldni
15.000 mm
Öndun
15.000 gsm
Fóðrun 140 g/sqm
YKK rennilás
Endurskin

Snjógalli AKIRA

st: 4-8 ára

**17.999 kr**

Allt úrvalið er í Smáralind, Garðabæ, Kringlu og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.

24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP *Meira svona alla daga*






Jonathan, Ebba og Snjólaug skemmta gestum á Hard Rock í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> EIGANDI KAFFIHÚSSINS BIÐUR MIG SVO UM AÐ VERA MEÐ UPPISTAND Á STAFFADJAMMI HJÁ ÞEIM. ÉG EINHVERN VEGINN VONAÐIST TIL ÞESS AÐ ÞETTA MYNDI BARA GLEYMAST, ÞANNIG AÐ ÉG VAR BÚIN AÐ DREKKA MIG FULLA.

# Álpaðist út í uppistand algjörlega óvart

Þau Snjólaug, Jonathan og **Ebba** eru með uppistand í kvöld á Hard Rock. Þar grínast þau með allt milli himins og jarðar, en Ebba gerir mest grín að sjálfri sér og ástalífi sínu áður fyrr.

Í kvöld er uppistand með þeim Snjólaugu Lúðvíks, Jonathan Duffy og Ebbu Sig í kjallaranum á Hard Rock. Ebba sagði Fréttablaðinu frá því hvernig hún hóf uppistandsferilinn og hvernig það er að grínast með ástalíf sitt áður fyrr fyrir framan kærastann.

„Þetta er í annað skiptið sem við þrjú erum saman með uppistand á Hard Rock. Síðast gekk mjög vel og það var setið í öllum sætum. Við vorum pínu hissa en glöð að sjá allt þetta fólk koma til að sjá okkur,“ segir leikkonan og grínistinn Ebba Sig. Hún segir þau hafa verið mjög sátt og ánægð með viðtökurnar.

## Gekk vonum framar

Ebba lærði leiklist í Rose Bruford leiklistarskólanum, og útskrifaðist árið 2015.

„Árið 2016 samdi ég og flutti einleik sem heitir Guðmóðirin. Hann var byggður á lífi mínu að hluta, sem einhleyp kona. Einhleyp, feit kona, ef ég á að vera nákvæmari,“ segir Ebba hlæjandi.

Hún segir Guðmóðurina vera lauslega byggða á hennar eigin reynslu en einnig á sögum frá vinkonum hennar.

„Ég sýndi hana á Kaffi Laugalæk og það gekk svo ótrúlega vel. Fyrst ætluðum við bara að hafa fjórar sýningar en þetta endaði sem tíu sýningar í heild því það hélt áfram að seljast upp. Eigandi kaffihússins biður mig svo um að vera með uppistand á staffadjammi hjá þeim. Ég einhvern veginn vonaðist til þess að þetta myndi bara gleymast, þannig að ég var búin að drekka mig fulla. Svo spyr hann mig allt í einu hvort ég sé ekki tilbúin. Ég var búin að skrifa niður einhverjar hugmyndir að bröndurum. Þetta gekk svo bara mjög vel,“ segir Ebba um það hvernig hún álpaðist út í uppistandið.

> TINDER ER SVONA EINS OG LAUGARDAGUR Í NAMMILANDI OG ÞAÐ EINA SEM ER Í BOÐI ERU SÚKKULAÐIRÚSÍNUR.

## Hélt þetta væri svo erfitt

Í kjölfarið fór hún að halda uppistandskvöld á Kaffi Laugalæk. Góður rómur var gerður að þeim og fór nafn hennar því að spyrjast út og fyrirtæki að hafa samband í leit að skemmtikröftum.

„Ég var með uppistand ein á Hard Rock í fyrra. Þannig æxlaðist þetta allt saman, ég hafði aldrei ætlað mér að fara í uppistand. Ég ímyndaði mér að það væri alveg hræðilega erfitt, ég er náttúrulega lærð leikkona og kann að fara með texta sem einhver annar skrifar. En svo varð ég eiginlega bara háð þessu og finnst þetta ógeðslega skemmtilegt. Þannig að ég er mest í þessu núna.“

Hún segist mest fjalla um sjálfa sig og sinn kvíða í uppistandinu.

„Ég er með ofsakvíða, heilsukvíða, ég held alltaf að ég sé með alla sjúkdóma sem til eru. Ég tala líka mikið um það þegar ég var einhleyp en núna er ég komin í samband. Þannig að það er smá skrýtin tilfinning og fyndið. En svo geri ég líka óspart grín að kærastanum mínum, af því að það er svo mikill aldursmunur á okkur. Hann er 45 ára en ég er að verða 29 ára á laugardaginn, þannig að við erum á smá ólíkri bylgjulengd. Hann er sagnfræðingur og ég grínisti, hann er aðeins háfleygari en ég. En það gengur samt allt mjög vel,“ segir Ebba.

## Nammi sem enginn vill

Ebba segist áður hafa gert efni úr vandræðalegum sögum af einnar nætur gamni.

„Konur tengja ótrúlega mikið við þessar sögur, kannast við þær og hafa upplifað svipað. Svo halda þær kannski að enginn lendi í þessu nema þær, en síðan hafa svo margar konur upplifað margt af þessu. Slæmar Tinder-sögur og þannig, það er náttúrulega bara helvíti. Tinder er svona eins og laugardagur í Nammilandi og það eina sem er í boði eru súkkulaðirúsínur. Nammi sem enginn vill,“ segir Ebba hlæjandi.

Miða á uppistandið í kvöld er hægt að kaupa á Tix.is, en það hefst klukkan 21.00.

**steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

BYKO

# LJÓSA-HÁTÍÐ

# 25% AFSLÁTTUR

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
Tilboð gilda til 27. nóvember eða á meðan birgðir endast.

## Inni- & útiseríur, inni- & útiljós og jólaljós



**ÖLL GLÖS**
**25% AFSLÁTTUR**



**BÖKUNARVÖRUR**
**25% AFSLÁTTUR**




**ÖLL LEIKFÖNG**
**25% AFSLÁTTUR**

**PRESSUKÖNNUR**
**25% AFSLÁTTUR**





Sam-tengjanlegar. Endingar-tími allt að 20.000 klst

25% afsláttur

**Útisería**
LED micro-light.
50 perur með spennubreyti.

**2.846**
88167934
Almennt verð: 3.795



**Reykskynjarar og slökkvitæki í miklu úrvali**

**Reykskynjari**
Optískur eða Jónískur reyk-skynjari með prufuhnappi.
Rafhlaða, 9V, fylgir með.

**995**
50005035/47

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á netinu á byko.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf








Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Þorbjargar Gunnlaugsdóttur




## Þrír kettir

Eftir að ég komst á fimmtugsaldurinn hef ég reynt að vera meðvituð um þá staðreynd. Mér finnst aldurinn næs en er meðvituð um stöðuna. Þarna eru vítin líka til að varast þau. Mig blóðlangar til dæmis í þriðja köttinn en skynja að það er þröskuldur á því hve langt einstæð móðir í Smáíbúðahverfinu getur gengið. Kona sem býr með þremur köttum er skrýtin í augum annarra. Þetta veit ég vegna þess að myndin sem við drögum upp segir sögu. Þrír kettir passa ekki inn í portrettin á miðlunum, myndirnar af fjallgöngum, hjólreiðum og gönguskíðum. Sú ímyndarvinna segir reyndar oft aðra sögu en þeir sem birta þær vilja segja. Þetta er rödd miðaldra fólksins sem vill segja annað.

Ég hef reynt að mæta nýjum veruleika og væri búin að festa stærra letur í símanum mínum eins og í tölvunni, ef ég bara kynni það. Mér finnst allt letur lítið. Mér finnst eiginlega allar nærbuxur litlar líka. Hraustlegar nærbuxur þar sem brók og spöng brjóstahaldara mætast hæfa konum á fimmtugsaldri (og öllum konum ef ég væri spurð). Einhverjar konur myndu sennilega frekar kveikja í sér en að samþykkja þá hugmyndafræði. Seinna munu þær skilja. Mér er oftar kalt og sit með teppi í vinnunni og sæng í sjónvarpssófanum. Ég styð sjálfa mig í að eiga stóran útgjaldalið í Meniga fyrir morðdýr andlitskrem því ég vil krem sem heita vönduðum nöfnum. Ég kaupi kinnroðalaust rauðvínsbeljur en set rauðvínsflösku á borð fyrir gesti því myndin sem við drögum upp segir sögu. Á fimmtugsaldri er ég betur læs á sjálfa mig og aðra og ligg ekki lengur andvaka yfir engu. Lífið er alls konar. Kannski að þriðji kötturinn sé ekki svo galin hugmynd eftir allt saman?








